Dual Layer skrifari, 15.4" WXGA breiðskjár, Intel Graphics Media Accelerator X4500  
skjákort, 3x USB 2.0, ExpressCard/54 rauf, VGA out, Windows Vista Home Basic.

**Kr. 79.950**

SÆKTU EÐA FÁDU SENT • SENDINGAR-  
KOSTNAÐUR AÐEINS KR. 750  
HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í  
BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI  
• SÍMI 569 0700 • WWW.ATT.IS

**@tt.is**  
Allt tölvutengt á betra verði

# núna

\* hönnun og hundar

## STEFÁN SVAN VERSLUNARSTJÓRI

Á föstudaginn ætla ég að snæða á Segurmo eftir vinnu áður en heim er haldið í rólegheita-skrall. Á laugardaginn ætla ég að vinna í GK þar sem að Signý Kolbeins er að opna sýningu í tilefni Menningarnætur og svo eru nokkur afmæli á dagskránni plús nautakjöts bernaissósu dinner í góðra vina hópi.



helgin  
MÍN



### Tilraunarokk

Það er ýmislegt áhugavert á döfni á Menningarnótt. Tólfarinn Krummi kenndur við Mínus mun verða með tónlistargörning á Kaffi Kúltúra. Kappinn verður í félagsskap Orrustubjarka og saman munu þeir verða með eins konar tilrauna-kennt hljóðverk klukkan fjögur um daginn.

### Flutt til Hafnar

Fatahönnuðurinn Hera Harðardóttir er flutt aftur til Danmerkur þar sem henni leist ekki nógu vel á Ísland í kreppuástandinu. Unnsti hennar, Hugleikur Dags-son, varð eftir á klakanum en hann var einmitt að gefa út nýja bók um ein-eygða köttinn Kisa og ástandið.



Þetta  
HELST

### Hætt hjá Gyllta



Stílistinn Ása Ottesen hefur sagt skilið við verslunina Gyllta köttinn í Aðalstræti. Ása hefur stýrt versluninni með glæsibrag undanfarn ár en ætlar nú að setjast á skólabeck.

Regína María Árnadóttir, myndlistarkona og nemi í grafískri hönnun:

# SÆKIR INNBLÁSTUR Í MICKEY ROURKE

Þetta eru alls kyns verk sem ég ætla að sýna, teikningar, málverk og ljósmyndir. Svo blanda ég þessu öllu saman í sumum verkum mínum," segir myndlistarkonan Regína María Árnadóttir, sem ætlar að leggja tískuverslunina Einveru á Laugavegi 35 undir sig og verkin sín á Menningarnótt.

Margar mynda Regínu tengjast á einn eða annan hátt leikaranum Mickey Rourke, sem Regína segir sína helstu uppsprettu ástríðu og innblásturs. „Ef einhver veit símann hjá honum má sá hinn sami láta mig vita. Ég er alltaf að leita að honum.“

Verkin hefur Regína unnið á undanförmum árum, samhliða námi sínu í grafískri hönnun við listaháskólann Parsons í New York. Meðfram náminu hefur hún gegnt lærlingastöðum, annars vegar hjá vefritinu The Contributing Editor og hjá hinu þekktu tískutímariti V Maga-zine. „Ég var að vinna við vefsíðuna hjá þeim, meðal annars að vinna með tískuþættina þeirra. Þetta er heillandi heimur en þarna er ekkert gefið eftir, unnið endalaust og allir með hugann við framann. Ég þarf að gera það upp við mig hvort ég ætla að fórna mér í þennan heim, hvort ég ætli að verða framakona eða listamaður.“



Lærir í Parsons Myndlistarkonan Regína María Árnadóttir við eitt af verkunum sem verða til sýnis í tískuversluninni Einveru á Menningarnótt. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Opið virka daga  
9<sup>00</sup> - 18<sup>00</sup>



SALON REYKJAVÍK  
Sími: 568 5305 • Grandagarði 5

Danni á Sentrum með hundadellu:

## Sýnir þrjá ólíka hunda um helgina

„Ég hef elskað hunda frá því að ég eignaðist minn fyrsta hund, Schäfer-tík, þegar ég var tólf ára,“ útskýrir Daníel Hinriksson, hárgreiðslumaður á Senter. Daníel og Svavar Örn sambylismaður hans eiga þrjá hunda af ólíkum kynjum en Daníel mun sýna tvo þeirra um helgina á sýningu Hundaræktarfélag Íslands í Reiðhöllinni. „Ég er að sýna chihuahua- og poodle-hundana mína ásamt áströlskum fjárhundi sem ég sýni fyrir vinkonu mína. Ég fékk mér fyrsta chihuahua-hundinn minn fyrir um tíu árum og hef alltaf verið einstaklega hrifinn af því kyni.“ Aðspurður segir Daníel nýlegt æði fyrir chihuahua-hundum frekar hafa skemmt fyrir hundunum á síðustu árum. „Það er aldrei gott þegar eitt kyn verður svona vinsælt, þá fara allt of margir að reyna að rækta þá og það skemmir fyrir. En þessir hundar eru af-



Glæsileg hundaræktarsýning um helgina Daníel ásamt hundunum sínum.

skaplega sjálfstæðir, vökulir og leikgláðir. Þeir eru stórir hundar í litlum líkama.“ Í ár heldur Hundaræktarfélag Íslands upp á 40 ára afmæli sitt og því verður sýningin tvíþætt og stendur yfir bæði laugardag og sunnudag. „Ég hvet alla til að kíkja upp í Reiðhöll og skoða hundana því að bæði ungir og aldnir munu hafa gaman af.“

- amb

\* augnablikið



SÆTAR MÆÐGUR Fyrirsætan Kate Moss spókaði sig í hitanum í Saint-Tropez í Suður-Frakklandi í síðustu viku ásamt dóttur sinni Lila Grace.

föstudagur

Ritstjórn: Anna Margrét BjörnssonÚtgáfufélag 365 miðlar ehf. Forsíðumynd Arnþór Birkisson  
Útlitshönnun Kristín Agnarsdóttir Auglýsingar Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir  
sigridurdagny@365.is sími 512 5462 Föstudagur Skaffahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000

## Hawaii sett

4 stykki

34.900,-



verð 1.990,-  
nú **1.393,-**

verð 1.990,-  
nú **1.393,-**

5.990,-

4.990,-

**30%**



verð 1.790,-  
nú **1.253,-**



Bakki verð 1.190,-  
nú **833,-**



hjarta tvö í setti  
verð 2.490,-  
nú **1.743,-**



Fílar áður 1.190,-  
nú **690,-**

## Yes To snyrtivörur

Líttu á verðið ...



Handáburður  
**890,-**



Húðhreinsir  
**890,-**



Sjampó  
**790,-**



Húðnæring  
**990,-**



Dagkrem  
**990,-**



Næturkrem  
**990,-**

# the PIER

kemur stöðugt á óvart ...

Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / sími: 522 7860 // Korputorgi / 112 Reykjavík / sími: 522 7870

# Á MÍNUM EIGIN FORSENDUM

**Hera Hilmarsdóttir** var tilnefnd til Edduverðlauna sem leikkona ársins í aðalhlutverki árið 2007 fyrir hlutverk sitt í myndinni *Veðramót*. Í kjölfarið komst hún inn í leiklistardeild Listaháskóla Íslands en ákvað að freista gæfunnar í London þar sem hún stundar nú nám við LAMDA-leiklistarskólann.

Viðtal: Alma Guðmundsdóttir  
Ljósmyndir: Arnþór Birgisson

Ég man eftir að hafa viljað verða búðarkona þegar ég yrði stór, eins og svo margir, og ég tók svo tímabil sem mig langaði að vera tannlæknir,“ segir Hera og brosir. „Ég byrjaði ung að spila á selló og þegar ég varð eldri hugsaði ég um að leggja tónlistina fyrir mig. Ég fór í Tónlistarskóla Reykjavíkur og lærði hjá frábærum kennara, Gunnari Kvaran, en ég fann ég var ekki með nógu mikinn metnað í tónlistarnámið eingöngu svo ég hætti þegar ég átti að fara að taka sjötta stigið. Ég spilaði ekki á sellóð fyrst eftir að ég hætti, en nú gríp ég reglulega í það,“ segir hún.

Aðspurð segir Hera leiklistaráhugann hafa kviknað snemma. Hún var aðeins fimm ára þegar hún lék sitt fyrsta hlutverk, en hún á ekki langt að sækja hæfileikana því að móðir hennar er Þórey Sigþórsdóttir leikkona og faðir hennar er Hilmar Oddsson kvikmyndaleikstjóri.

„Ég held að fyrsta hlutverkið mitt hafi verið í Hvíta dauða þar sem ég lék dóttur mömmu. Mig langaði alltaf lúmskt að verða leikkona, en var feimin að láta það í ljós við foreldra mína,“ útskýrir Hera. „Þegar ég var um fimm ára gerði pabbi Tár úr steini sem var eiginlega fyrsta myndin sem ég fylgdist með honum gera. Ég fékk að leika eitthvert rosalega lítið hlutverk í myndinni. Stelpan sem lék eitt aðalhlutverkið var bara aðeins eldri en ég og ég skildi ekki alveg þá af hverju hann var að láta einhverja aðra stelpu en mig leika hlutverkið. Ég sagði það samt ekki við hann, en mig grunar að mamma hafi fattað það því við pabbi áttum svo samtalið uppi í Sagafilm þar sem hann útskýrði fyrir mér að stelp-



Efnileg „Ég held að mamma og pabbi hafi bæði hugsað að ef ég myndi vilja leggja leiklistina fyrir mig yrði það á mínum eigin forsendum,“ segir Hera.

an væri eldri og með meiri reynslu en ég. Hann gerði mér líka ljóst að það væri ekki sjálfsagt að ég fengi hlutverk þótt ég væri dóttir hans,“ segir Hera brosandí. „Ég held að mamma og pabbi hafi bæði hugsað að ef ég myndi vilja leggja leiklistina fyrir mig yrði það á mínum eigin forsendum.“

## Á BAK VIÐ TJÖLDIN

Eftir grunnskóla fór Hera á mála- braut í Menntaskólanum við Hamrahlíð. Þar tók hún þátt í leiksýningu sem varð til þess að hún fékk sitt stærsta hlutverk til þessa. „Ég var að leika í sýningu í MH sem hét Íslenski fjölskyldu- sirkusinn og Sigrún Sól Ólafsdóttir leikstýrði, þegar Guðný Halldórsdóttir, leikstjóri *Veðramóta*, kom að horfa á. Hún var þá á höttunum eftir krökkum í myndina og bauð mér hlutverkið,“ segir Hera sem var tilnefnd til Edduverðlauna sem besta leikkonan fyrir túlkun sína á *Dísu* sem lendir á upptökuheimilinu *Veðramótum*.

Eftir að Hera útskrifaðist úr MH um jólin 2007 fór hún að vinna hjá Zik-Zak kvikmyndum ehf. „Ég vann á bakvið tjöldin við upptökur á Brimi, mynd sem Árni Óli Ásgeirsson var að leikstýra, og *The Good Heart* í leikstjórn Dags Kára, og vann þá aðallega í framleiðslu og leikmyndadeild. Það er allt

önnur stemning að vera í „krúinu“ en að vera leikari á setti. Það er mun meiri hópstemning og maður lærir mikið af því,“ segir hún.

## Í ÓTAL PRUFUR

Á meðan Hera vann hjá Zik-Zak lék hún í Svörtum englum og Hamrinum auk þess sem hún sótti um í leiklistarskólum í Bretlandi og í leiklistardeild Listaháskóla Íslands. „Ég var alltaf að hoppa út og eyddi öllum peningum mínum í að fara út í prufur því ég var ekki nógu skynsöm að skipuleggja og nýta ferðirnar. Ég fékk svo að vita að ég væri komin inn í Leiklistarskólann hérna heima, en var þá ekki búin að fá svar úti og átti enn eftir að fara í nokkrar prufur þar. Ég var orðin mjög spennit fyrir skólanum hér og var búin að borga staðfestingargjald þegar ég fékk að vita að ég væri komin inn í LAMDA – The London Academy of Music and Dramatic Arts. Þá fann ég að ég myndi hafa gott af því að fara út,“ útskýrir Hera sem fór í gegnum strangt inntökupróf, en um 4000 manns sóttu um og aðeins 29 komust inn. „Ég er á þriggja ára „acting course“ sem er venjulega leikaranámið í skólanum. Aðaláherslan er lögð á sviðsleik og tæknilega vinnu, en við förum líka í kvikmynda- og sjónvarpsleik,“ segir hún.

Hera hefur nú lokið einu ári í skólanum og líkar vel, en viðurkennir að það sé dýrt að vera námsmaður erlendis um þessar mundir. „Ég er með námslán, en þetta er mjög dýrt nám og það er svolítið töff núna þegar pundið er búið að vera fast í kringum 215 krónur. Ég þekki nokkra sem eru að hætta í námi úti og koma heim, en ég næ að minnsta kosti enn þá að hanga þarna úti.“

## SPUNAKVÖLD OG AFRÓDANS

Hera er nú stödd hér á landi í sumarfríi og segist njóta þess að vera í faðmi fjölskyldu og vina. „Það eru mjög stífar annir í skólanum, en við fáum svo gott frí inn á milli sem ég fíla mjög vel. Það er mjög erfitt að fá vinnu hérna heima í svona stuttan tíma svo ég er bara að taka að mér lítil verkefni hér og þar. Svo er ég líka bara aðeins að hvíla mig eftir tólf tíma skóladaga alla daga vikunnar og njóta þess að vera heima og hitta fólk- ið mitt,“ segir Hera. Hún situr þó ekki auðum höndum því að með fram vinnu stundar hún afróðans og skipuleggur spunakvöld.

„Vinkona mín sagði mér að það væri sumarnámskeið í afró í Kramhúsinu sem ég er á núna og það er alveg geðveikt. Á artFart erum við svo nokkrir vinir saman

með Spunakvöld. Við vorum með tvö kvöld um síðustu helgi sem heppnuðust mjög vel og verðum einnig í kvöld og annað kvöld á Batteríinu klukkan 21. Þetta er svolítið byggt á *Who's Line Is It Anyway* og það fer svo eftir því hvaða fólk er í salnum hvað áhorfendur taka mikinn þátt, en fólk er alls ekki pint til að fara upp á svið,“ segir hún og brosir.

## HAMARINN

Þótt Hera sé í fullu námi erlendis líður ekki á löngu þar til hún mun sjást í Sjónvarpinu í saka- málaþáttaröðinni Hamrinum. „Við tókum þættina upp síðasta sumar, en þeir gerast úti á landi þar sem verið er að rannsaka dularfullt dauðsfall og ýmsir yfirnáttúrulegir hlutir spila inn í. Ég leik dóttur hóteleiganda á svæðinu sem er mikill náttúruverndarsinni og veit hvað hún vill,“ segir Hera.

Spurð hvort sviðið eða kvikmyndaleikur heilli meira segir hún erfitt að gera upp á milli. „Ég get ekki valið það núna. Draumurinn er að geta gert bæði því það er svo ólíkt. Sumt sem maður upplifir í leikhúsi er ekki hægt að upplifa í bíói og öfugt. Ég ætla bara að sjá hvað gerist þegar ég útskrifast. Þó það væri spennandi að komast betur inn í senuna úti, mun ég alltaf vilja leika hérna heima líka.“

bak við tjöldin  
\*



Stjörnumerki: Steingeit.

Uppáhaldsmatur: Hrátt hangikjöt.

Uppáhaldsverslun: Hornbúðin GMS hjá Jafari vini mínum.

Diskurinn í spilaranum: Melchior.

Mesta dekríð: Að koma heim.


Draumafríð: Akkúrat núna langar mig eiginlega bara í útilegu.

Líkamsræktin: Afró.

Hverju myndirðu sleppa til að spara?

Hverju sleppi ég ekki til að spara?

Áhrifavaldurinn: Foreldrar mínir, algjörlega.



## algjört möst

1

Gerðu varimar ómótstæðilegar með Gloss Purvaraglossinum frá Yves Saint Laurent. Glossinn gefur mátulegan gljáa með mildum ilmi af mangó.



2



2

Litadagkremið frá Lancôme klikkar ekki. Hydra Zen Teinte Neuro-calm-kremið gefur fallegan lit, hefur róandi áhrif og inniheldur sólvörn númer 15.



Rokkaðu upp lúkkið með áberandi hálsmeni úr mörgum mismunandi keðjum. Þú getur einnig blandað saman nokkrum af þínum uppáhaldshálsmenum.



4

Fáðu þér friskandi sítrus-úða frá L'Occitane. Hann viðheldur raka húðarinnar og má nota hvenær dags sem er bæði á andlit og líkama.

5

Rifnar gallabuxur eru alveg málið þessa dagana, hvort sem þær eru bláar, hvítar, svartar eða gráar. Þú getur sjálf gert buxurnar snjáðar og búið til göt, en best er að fara varlega svo götin verði ekki allt of stór.



## FÖTLUNARFRÆÐI OG SJÁLFASTÆTT LÍF

Freyja Haraldsdóttir þroskaþjálfanemi

„Fyrir nokkrum árum kynntist ég fötlunarfræði og í kjölfarið hugmyndafræði um sjálfstætt líf. Hugmyndafræðin er mótuð af fötluðu fólki og felur í sér að það hafi tækifæri til sjálfstæðis, jafnréttis, virðingar, sjálfsákvörðunar, valfrelsis og valds á eigin lífi jafnt og ófatlað fólk. Sjálfstætt líf er ekki yfirlýsing um að við viljum gera allt upp á eigin spýtur og lifa í einangrun. Það er krafa okkar um stjórn og val á eigin lífi.

Hugmyndafræðin ögrar í raun þeirri sýn að vandi sem fatlað fólk tekst á við stafi af skerðingunni sem býr í líkama þess. Hugmyndafræðin er uppspretta félagslega líkansins um fötlun sem bendir á að vandinn stafar af galla í hönnun bygginga, skorti á aðgengi-

legum upplýsingum og fáfræði stjórnvalda og almennings. Slíkt stuðlar ekki síður að mismunun og útilokun fatlaðs fólks.

Áður samþykkti ég þau skilaboð samfélagsins að ég væri gölluð og líkaminn ekki eðlilegur og ég gæti því ekki gert kröfu um sömu réttindi og lífsgæði og aðrir. Með kynnum mínum af þessum fræðum geri ég mér grein fyrir að mitt líf er jafn mikilvægt og allra annarra og enginn galli í skerðingunni fólgin. Gallana getum við fjarlæggt en þeir búa í umhverfi og hugarfari okkar allra. Það ætlast ég til að við gerum því þannig getur fatlað fólk lifað lífi sem það velur sér sjálf og verið jafngilt öðrum í samfélaginu.“

ÁHRIFA-  
valdurinn





# Rifjaveisla í Grillhúsinu

Fimmtudaga til sunnudaga  
þjóðum við uppá rjúkandi BBQ grísaríf  
1/1 skammtur 2.195 kr.- 1/2 1.695 kr.-



Það er kaflid



fullt af fjöri





GOTT STEIKHÚS Í 18 ÁR! Grillhúsið Tryggvagötu 20.

# núna

\* tíska og fegurð

**GOTNESKUR GLAMÚR** Stundum er einn fylgihlutur nóg til að breyta heilu dressi. Þessir æðislegu blúnduhanskar frá Patriziu Pepe fást í þremur litum í GK, Laugavegi.



1. Cheap Monday-gallabuxur keyptar í Kolaportinu, hálsmenið er úr Hjálpræðishernum í Bandaríkjunum, og bolinn fékk ég í jólagjöf þegar ég var 13 ára. 2. Þetta hálsmen keypti ég í versluninni NoaNoa úti í Danmörku. 3. Carmen-rúllur. Mamma mín fékk þær í jólagjöf þegar hún var 15 ára. Ég nota þær reglulega í hárið þegar mig langar að breyta til. 4. Húfan mín er úr Farmers Market. 5. Skórnir mínir. Ég keypti þá í Kolaportinu fyrir nokkrum árum og ég hef farið með þá til skósmiðs fimm sinnum. 6. Gráa kápan. Þessa keypti ég í Kolaportinu.

Valdís Thor, ljósmyndari og kynningarstjóri Kimi Records

## ÉG DÝRKA hluti með sál

**Getur þú lýst þínum stíl?** Er maður sjálfur ekki sinn harðasti gagnrýnandi? Ég er rosaalega hrifin af látlausum, smekklefum stíl sem endist.

**Hvað dremmir þig um að eignast þessa stundina?** Farmiða til útlanda. Myndi taka það fram yfir hvaða flík sem er akkurat núna.

**Hvað keyptir þú þér síðast?** Það er komið svo langt síðan að ég er ekki alveg viss, minnr að það hafi verið Cheap Monday-buxur í Kolaportinu, góð kaup.

**Upphaldsverslun?** Ætli það sé ekki Kolaportið og alls kyns fata og flóamarkaðir hér og erlendis. Það er frábært að skoða föt og hluti sem hafa haft tilfinningalegt gildi fyrir fólk, og sjá síðan hvað það er tilbúið að verðleggja minningar sínar á.

**Upphaldsfatamerki?** Mér finnst mörg merki skemmtileg, ég er svolítið skotin í Fifth Avenue Shoe Repair og síðan er það öll þessi íslenska hönnun sem er alveg yndisleg eins og ELM, Steinunn, Farmers Market og ungir upprennandi hönnuðir sem ég hlakka til að sjá meira frá.

**Finnst þér merki á fötunum skipta máli?** Nei, en ég reyni hins vegar að kaupa mér föt sem eru vönduð. Ætli það

skipti ekki mestu máli að fötin klæði mann og að manni líði vel í þeim. Það væri synd að eyða fúlgum fjár í flík sem er merkjavara ef maður lítur ekki vel út í henni.

**Eru einhver tískuslys í fataskápnum þínum?** Alveg pottþétt! En ég reyni að draga ekki athygli að því. Þannig kemst ég upp með það.

**Í hvað myndir þú aldrei fara?** Aldrei segja aldrei, en ég er ánægð með að hafa aldrei farið í Buffalo-skó, mér fannst ég nógu stór fyrir til að þurfa ekki að draga frekari athygli að mér með þeim.

**Hver er tiskufyrirmyndin þín?** Mér finnst svo margar íslenskar konur klæða sig fallega. Mismunandi stílar hjá fólki sem ég sé úti á götu gefa mér oft hugmyndir. Síðan eru svo margar smekkstelpur í vinkonuhópnum mínum. Ætli ég taki mér þær ekki helst til fyrirmyndar í þeim efnun.

**Hvert er skuggalegasta fatatímabilið þitt?** Ég kys að líta á allt sem á undan er gengið sem prófraun, það að finna sinn stíl er ekki endilega auðvelt. En ég átti litskrúðugt hippatímabil þegar ég var í gaggó. Ætli það sé ekki með því verra. Proskandi, því núna veit ég hvað ég geri ekki aftur.

- amb



NÚ BÓK

## Endalaus HOLLUSTA

Kjarngóðir ávaxta- og grænmetisdrykkir

Endalaus orka í einu glasi

Ljúffengir og hressandi drykkir sem auðvelt er að pressa, þeyta eða blanda.

BÓK SEM  
BÆTIR &  
HÆTIR



Salka  
Skiptiholt 50c • salka.is





# EIGUM GÓÐA STUND SAMAN

fjölskyldan í fókus á Menningarnótt

Samvera fjölskyldunnar er dýrmæt og styrkir tengslin á milli okkar.  
Njóttum þess að vera saman – sköpum jákvæðar og góðar minningar á Menningarnótt.

**SAMAN**  
www.samanhopurinn.is



Reykjavíkurborg



## FRÁBÆR FÖSTUDAGUR

**Björg Alfreðsdóttir**  
förunarlestari hjá MAC

**1**  
Hitta systur mínar  
á Saffran og  
borða ljúffengt  
humarsalat.



**2**  
Fara í bíltúr með myndavélina í góða  
veðrinu og taka myndir af öllu mögu-  
legu sem á vegi mínum verður.



**3**  
Hitti draumaprinsinn þar sem ég er  
að rúnta um.



**4**  
Fer að sjálfsgöngu með  
honum út að borða um  
kvöldið.



**5**  
Fara á tjúttið með vinkonun-  
um og dansa eins og enginn  
væri morgundagurinn.

# Kominn í verslanir



## ARENA KM900

LG Arena er nýjasta flaggskipið frá LG  
sem hefur slegið í gegn í Evrópu.

LG Arena er með 3 tommu Multi-touch  
snertiskjá og er einn fullkomnasti marg-  
miðlunarsíminn á markaðnum í dag.

**Upplifðu LG Arena í verzlunum í dag!**



# 5125050

Auglýsingasími



- Mest lesið









# Helgar

FRÉTTABLAÐIÐ



blað  
alla laugardaga

## Helgarblaðið

Hlustar á Hjálma meðan hún hannar.

Fatahönnuðurinn Heiða í Nikita og tónlistarmaðurinn Sigurður Guðmundsson settust á rökstóla

Ósáttir við stöðu mála. Lögreglumenn í ítarlegu viðtali.



## Menning

Maðurinn frá Svörtulöndum. Viðtal við Brian Griffin ljósmyndara.

Örfá atriði af hundrað. Menningarnótt í Reykjavík.

Húsin í bænum.

Húsaprýði umhverfis Kvosina.

Allt sem þú þarft



**NOKKUR ORÐ**  
Freyr Gígja Gunnarsson

## Siðferðislega rétt

Hreiðar Már Sigurðsson, fyrrum forstjóri Kaupþings, var í sjónvarpsviðtali á miðvikudaginn. Og hann hafði varla sleppt síðasta orðinu þegar netið var farið að fljóta í alls kyns færslum um hvers konar glæpamaður þessi náungi væri. Sem er ekki einu sinni auðmaður lengur. Hvort lög hafi verið brotin í hinu mikla bankahruni er fyrir sérstakan saksóknara að svara og norskaættuðu vinkonu hans. En menn eru sem betur fer saklausir uns sekt þeirra er sönnuð. Auðmenn Íslands eru engin undantekning frá þeirri reglu. En maður velti óneitanlega fyrir sér siðfræðinni á bakvið bankahrunið. Getur verið að jafn stór hópur og auðmenn Íslands voru hafi tekið sig saman og brotið lög og reglur vísitandi? Svarið við því hjá Hreiðari í Lúxemborg er



eflaust nei. Honum finnst hann ekki hafa brotið nein lög. Í hans huga er hann ekki glæpamaður eins og netverjar halda fram. Regluverkið, sem hefði bundið bankamennina í báða skó, var einfaldlega ekki fyrir hendi heldur kaus löggjafarvaldið að leggja allt kapp á að greiða götur fjármálalífsins enda nýtt síldarævintýri í fæðingu með hlutabréf í stað silfurs hafnsins. Skelfilegustu afleiðingarnar af þeirri firru eru Icesave-samningarnir.

Svar Hreiðars við spurningum um lögbrot í sjónvarpi gat því aldrei orðið neitt annað en nei. Ef einhver hefði spurt bankaforstjóran hvort það hefði verið siðferðislega rétt að lána jafn háar fjárhæðir aðilum tengdum bankanum og Kaupþing gerði rétt fyrir hrún bankans er ekki víst að svarið hefði verið jafneinfalt. Enda var hugtakið „siðferðislega rétt“ haldið sem lengst frá íslensku útrásinni.

## myndasögur


### Pondus

Eftir Frode Øverli



### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Færðu tölvuna endurgreidda í Skólaleik Max?



# 79.989 kr.

15,4" fartölva

**Acer Extensa  
5230E-901G16Mn**  
2.2Ghz Intel Celeron M 900 Centrino  
örgjörvi • 1GB DDR2 minni • Intel GMA skjákort  
• 160GB diskur • 15.4" FHD WXGA skjár

**Kauptu fartölvu í Max  
og þú kemst í pott þar  
sem úr verða dregnir  
eftirfarandi vinningar**

- 1. VINNINGUR:** Fartölva endurgreidd ásamt gjafapakka; prentari, taska og fartölvuhátalarar.
- 2. VINNINGUR:** Fartölva endurgreidd.
- 3. VINNINGUR:** Gjafapakki; prentari, taska og fartölvuhátalarar.

Vinningar verða dregnir út laugardaginn 5. september og birtir í auglýsingu Max í fréttablaðinu þann daginn. Einnig verða dregnir út aukavinningar daglega næstu tvær vikurnar.

# Þú færð það í Max



# 84.989 kr.

10"

**Toshiba Netbook NB200-10G**  
1.6Ghz Intel Atom N270 örgjörvi • 1GB DDR2 minni • 160GB diskur • 10" TFT XGA skjár



# 89.989 kr.

15,4"

**Toshiba L300-25L**  
2.2Ghz Intel örgjörvi • 1GB DDR2 800MHz minni • Intel Graphics X4500 skjákort • 15.4" WXGA skjár



# 99.989 kr.

15,4"

**Toshiba Satellite PRO L300D-22T**  
AMD Sempron 2.0Ghz örgjörvi • 2GB DDR2 minni • 160GB diskur • 15.4" WXGA skjár



# 119.989 kr.

15,4"

**Toshiba Satellite PRO S300-100**  
1.8Ghz Intel Core 2 Duo T5670 örgjörvi • 2GB DDR2 minni • 3G móttal • 120GB diskur • 15.4" WXGA skjár



# 119.989 kr.

17"

**Acer Aspire 7530G-623G25MN**  
2.0Ghz AMD Athlon X2 örgjörvi • 3GB DDR2 minni • 250GB diskur • 17" WXGA skjár



# 119.989 kr.

15,4"

**Acer Extensa 5620-2A2G**  
1.6 GHz Intel Pentium Dual-Core örgjörvi • 2GB DDR2 minni • 160GB diskur • 15.4" WXGA TFT skjár



# 124.989 kr.

15,4"

**Toshiba Satellite PRO L300-28T**  
2.0Ghz Intel Core 2 Duo T5870 örgjörvi • 2GB DDR2 minni • 160GB diskur • 15.4" WXGA skjár



# 129.989 kr.

15,4"

**Asus PRO50SR-AP140C**  
2,1Ghz Intel Core Duo T3400 örgjörvi • 3GB DDR2 minni • 320GB diskur • 15.4" WXGA TFT skjár



# 139.989 kr.

17,3"

**Acer eMachine G725-424G32MI**  
2.0Ghz Intel Core Duo T4200 örgjörvi • 4GB DDR2 minni • 320GB diskur • 17.3" skjár

**Ódýrir DVD**



# 489 kr.

Gott úrval á DVD borði

**Opið mán. - fös. kl. 11-19**  
**Laugardaga kl. 11-18**  
**Sunnudaga kl. 12-18**

**MAX Kauptúni 1 - Garðabæ**  
**Sími 412 2200 - www.max.is**

# MAX

RAFTÆKI

## > VILL GÁFAÐAN KÆRASTA

Renée Zellweger er með ákveðnar kröfur um hvernig kærasta hún vill. Leikkonan, sem er 40 ára, segist leita eftir því sama í karlmanni og hún leitar eftir í góðum vinum og vill að kærasti hennar sé góðhjartaður, með góðan húmor, hreinskilinn og sé annþing mannorð sitt. Zellweger hefur upp á síðkastið verið orðuð við leikarann Bradley Cooper, en bæði hafa þau þvertakið fyrir meint ástarsamband.



# fólk

folk@frettabladid.is

# Berjasprettan gerist vart betri

Berjadagar á Ólafsfirði hefjast í kvöld. Örn Magnússon skipuleggjandi hlær þegar blaðamaður spyr hann hvort hátíðin sé í keppni við Menningarnótt. „Ég sagði nú einhvern tíman að það yrði nú að vera eitthvað fyrir norðan líka svo landið sporðreistist ekki, en nei, það er nú eitthvað sem við keppum ekki við. En við eigum okkar sess hérna og fólk hefur komið hérna alls staðar af á landinu til að vera á Berjadögum.“

Hátíðin byrjar á tónleikum við kertaljós. „Það verður fluttur flautukvartett eftir Haydn sem Melkorka Ólafsdóttir blæs og Bragi Bergþórsson syngur ljóð eftir Mendelssohn. Á laugardaginn er opinn markaður milli eitt og fimm, líklega í Guðmundarhúsi við Strandgötu. Þar verður boðið upp á berjaafurðir, sult-



Á FULLRI SIGLINGU Örn, lengst til vinstri, ásamt fríðum hópi listamanna á Berjadögum.

MYND/INGIBJÖRG

ur, saftir og smökkun. Á sama tíma er opið hús hjá myndlistarmönnum bæjarins, þeim Guðrúnu Þórisdóttur, Kristj-

önu Sveinsdóttur og Hólmfríði Arngrímsdóttur. Á þessum stöðum verða Spilmenn Ríkínis að leika á fornhljóðfæri sín, þeir fara á milli og uppkomur verða. Um kvöldið verða tónleikar í kirkjunni þar sem Jón Þorsteinsson syngur sálma sem hann lærði ungur af afa sínum á lofti kirkjunnar. Svo eru tónleikar á sunnudaginn í kirkjunni undir yfirskriftinni Allabaddarí, með franskri tónlist. Hátíðin endar á léttu nóttunum á sunnudagskvöldið.

Berjadagar eru haldnir í ellefta sinn. „Það hefur alltaf verið að aukast aðsóknin. Það var nú ekki mikil aðsókn til að byrja með en síðan hefur þetta verið að vinna sér sess og var allt fullt í fyrria á öllum viðburðum þannig að ég er bjartsýnn núna. Berjasprettan er víst með því betri sem gerist í ár.“

- kbs

## Selja ferðamönnum fjallaloft í dósum

Það virðist vera ýmislegt sem hægt er að selja erlendum ferðamönnum hér á landi, þess á meðal er dós full af íslensku fjallalofti.

„Þetta selst alveg, og hefur til dæmis verið að seljast mjög vel uppi við Geysi. Fólkíð sem kaupir þetta er á öllum aldri og ég held að það kaupir þetta fyrst og fremst af því að því finnst húmor í þessu. Flestir koma flissandi að búðarborðinu þegar þeir ætla að borga,“ segir Telma Geirsdóttir, starfsmaður í minjagripaversluninni Lundanum á Skólavörðustíg. Aðspurð segir hún loftið vera fjallaloft og kostar dósinn 1.060 krónur. „Samkvæmt upplýsingunum á dósinni er loftið frá Heklu, en ég veit ekki hvort það sé satt og rétt,“ segir Telma.



SKEMMTILEG MINNING Að sögn Telmu og Ásdísar þykir ferðamönnum fjallaloftið vera skemmtilegur minjagripur.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

- sm



CARRIE ROY  
Fegurðardrottningin og háskólaneminn  
Carrie Roy stundaði nám í íslenskum  
þjóðsögum við Háskóla Íslands.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Bandarísk feegurðardís heilluð af Íslendingasögum

Carrie Roy, fyrrverandi Ungfrú Norður-Dakóta og sjónvarpsstjarna í Boston, var nýverið í heimsókn hér á landi hjá vinum sínum sem hún kynntist er hún stundaði nám í íslenskum þjóðsögum við Háskóla Íslands.

Carrie leggur núna stund á doktorsnám í þjóðsagnfræði við Háskólann í Wisconsin í Bandaríkjunum og ákvað að líta við á Íslandi áður en hún færi á ráðstefnu í Svíþjóð. Hún hefur rannsakað Íslendingasögurnar og íslensku þjóðsögurnar og heillast mjög af þeim. „Það eru ekki mörg tímabil í miðaldarsögunni sem eru jafn vel skrásett og Íslendingasögurnar,“ segir Carrie, sem hefur lifað viðburðaríku lífi. „Ég ólst upp á búgarði í Norður-Dakóta og hafði alltaf mjög

gaman af íþróttum. Ég var góð í kringlukasti og kúluvarpi og mér voru boðnir skólasyrkingir í mörgum skólum. Ég valdi Harvard og þar lagði ég stund á höggmyndalist og ljósmyndun. Síðan gerði ég verkefni um norræna menningu í miðvesturhluta Bandaríkjanna því mér fannst hún mjög áhugaverð,“ segir Carrie. „Í Norður-Dakóta ólst ég upp við norræn menningaráhrif, bæði norsk og sænsk en líka þýsk. Í bænum sem ég ólst upp í bjó líka fólk af íslenskum uppruna.“

Þegar Carrie var í Harvard og bjó í Boston sótti hún um starf í sjónvarpsþættinum Knock First, sem fjallaði um breytta hönnun á herbergjum unglinga. Kenndi hún unglingum að nota rafmagnsverkfæri, sem var nokkuð undarleg reynsla að hennar mati. „Við tókum upp um 65 þætti og unnum í tólf til átján klukkustundir á dag. Þetta var mikil pressa en líka mjög gaman. Eftir það ákvað ég að fara aftur í skóla og læra.“

Fleira hefur drifið ó daga hennar því hún tók þátt í keppninni Ungfrú Norður-Dakóta um aldamótin í von um að eiga betri möguleika á skólasyrking. „Ég var kringlukastari og kúluvarpari og hafði ekki mikinn áhuga á feegurðarsamkeppnum. Ég var frekar undrandi þegar ég vann keppnina,“ segir hún. Næst var komið að keppninni Ungfrú Ameríka. „Ég komst ekki á topp tíu en ég var kjörin svalasta stúlkan af einu dagblaði. Þeim fannst svo áhugavert að ég stundaði ólympískar lyftingar og að uppáhaldsbímyndin mín væri Gladiator en ekki Gone with the Wind,“ segir hún og hlær.

Að námi loknu hefur Carrie sett stefnuna á að verða prófessor í þjóðsagnfræði og norrænni miðaldasögu. Ljóst er að þarna er heldur betur fjölbreytt stúlka á ferðinni sem mun eiga nóg af sögum í poka-horninu til að segja barnabörnum sínum í framtíðinni.

freyr@frettabladid.is

**hár expo**

Kæru viðskiptavinir hef flutt mig um set á **Hár Expo að Laugavegi 42b.**

Byð ykkur hjartanlega velkomin, tímabantanir í s: 5527170

**Katrín Ósk Guðlaugsdóttir**  
www.harexpo.is

**WATCHMEN**

20. ÁGÚST Í ELKO Á DVD OG BLU-RAY!

10. HVER VINNUR!

SENDU SMS ESL WMV Á NÚMERIÐ 1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!

VINNINGAR ERU WATCHMAN Á DVD, TÖLVULEIKIR, AÐRAR DVD MYNDIR, PEPSI OG MARGT FLEIRA.

ELKO

VEFVERSUN ELKO.is

Vinningar verða afhendir hjá ELKO Lindum – Skógarlind 2. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 149 kr/skeytið.

## Hópflúrun og þaktónleikar

„Við vorum með tónleika hérna í fyrria með Sign og Nögl og fleirum og það var alveg stappað af fólki og rosalega gaman. Þannig að við ákváðum að gera þetta bara stærra og betra núna,“ segir Linda Mjöll Þorsteinsdóttir hjá Reykjavík Ink við Frakkastíg um dagskrá menningarnætur hjá þeim.

„Við ætlum að loka neðri hlutanum á Frakkastígnum og vera með tónleika. Við erum sem sagt að smíða svið uppi á þakinu hjá okkur og þar verðum við með sex hljómsveitir. Það eru Þrusk, Langi Seli og Skuggarnir, Bróðir Svartúlfs; svo er hljómsveit sem heitir 59'ers, hún er að koma fram í fyrsta sinn. Þetta er rockabilly hljómsveit með hinum góðsagnakennda Smutty Smith. Einnig koma fram Cliff Clavin og Noise.“ Þá verður Harley Davidson-klúbburinn með mótörhólasýningu. „Það verða

sérstök custom made mótörhól, þessi sérsníðuðu flottu, og þeim verður ráðað hérna upp Frakkastíginn.“

Stofan verður að sjálfsögðu opin. „Við ætlum líka að vera með fjöldaflúr hérna; við munum fá einhverja úr Harley Davidson-klúbbnum hérna yfir daginn. Þau ætla að fá sér H og D í tilefni dagsins. Ég veit ekki alveg hversu margir, kannski 20 til 50.“ Er fjöldaflúr algengt? „Nei, þetta er í fyrsta sinn.“

Dagskráin stendur yfir á milli tvö og sjö, en tónleikarnir hefjast á þakinu klukkan þrjú. Þyrsti menn í frekari skemmtun um kvöldið eiga þau Linda og maður hennar, Össur Hafþórsson, einnig Sódómu Reykjavík og Bar 11, en á Sódómu spila Entombed, Sororicide, In Memoriam og Gone Postal. Shogun og gestir skemmta á Ellefunni. „Það er nóg að gera.“



NÓG AÐ GERA Linda og Össur hjá Reykjavík Ink skipuleggja öðruvísi menningarveislu á menningarnótt.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



# Gólfefnaúrval í Múrbúðinni

Nú borgar sig að gera gæða- og verðsamanburð!



Gólf, svört 30x60cm

**2.790** kr. pr. m<sup>2</sup>



Vegg, Princess, svört, 20x45cm

**2.350** kr. pr. m<sup>2</sup>



Vegg, hvít glans 20x25cm

**1.550** kr. pr. m<sup>2</sup>




Vegg, Princess, hvít, 20x45cm

**2.790** kr. pr. m<sup>2</sup>




Gólf, marmarabeige, 30x60cm

**3.490** kr. pr. m<sup>2</sup>




Vegg / gólfflísar, ljósgrá, beige og brún yrfótt 15x15cm

**2.290** kr. pr. m<sup>2</sup>



Steirer, Austurískt, 3 stafa Eik 2200x182x14x4mm

**4.290** kr. pr. m<sup>2</sup>




Gólf, marmarabeige, 60x60cm

**3.290** kr. pr. m<sup>2</sup>




Gólf, Beige 30x30cm

**1.990** kr. pr. m<sup>2</sup>



Gólf, Regina, brún 33,3x33,3cm

**2.390** kr. pr. m<sup>2</sup>



New plastparket, Beiki, rakavarið 1214x193x8,3mm


**1.795** kr. pr. m<sup>2</sup>

LÆKKUM  
VERÐIÐ Á  
BYGGINGA-  
VÖRUM



Martinelli, 3 stafa Eik Natur 2200x189x14mm

**3.790** kr. pr. m<sup>2</sup>



Steirer, Austurískt, 3 stafa Hnota 2200x182x14x4mm

**7.290** kr. pr. m<sup>2</sup>



New plastparket, Dökk eik, rakavarið 1214x193x8,3mm

**1.995** kr. pr. m<sup>2</sup>



Reykjavík Klettháls 7.  
Opið virka daga kl. 8-18  
laugard. 9-16



Suðurnes Fuglavík 18.  
Opið virka daga kl. 8-18,  
laugard. 10-14



Akureyri Furuvellir 15.  
Opið virka daga kl. 8-18,  
laugard. 10-14



## MÚRBÚÐIN

– Afslátt eða gott verð?

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!

Læri 1/1 • Læri sneitt • Hryggur 1/1  
 Frampartur sagaður • Slög heil



**859** kr. kg  
 Lambaskrokkur sagaður

# ÓDÝRT FYRIR HEIMILIÐ



**699** kr. kg  
 Fiskibollur forsteiktar

**32% afsláttur**  
**1498** kr. kg  
 Krónu kjúklingabringur  
 verð áður 2215

**20% afsláttur**  
**998** kr. kg  
 Goða Grísakótilettur í raspi  
 verð áður 1298

**798** kr. kg  
 ÍM Ýsubítar

**30% afsláttur**  
**129** kr. pk.  
 Krónu Skinka

**30% afsláttur**  
**649** kr. kg  
 Goða Medisterpylsa

**20% afsláttur**  
**798** kr. kg  
 Goða Sænskar kjötbollur

Ólífræð eru birt með fyrirvara um breytingu og jafna myndabreytingu. EPO - www.epon.is

**KRÓNAN**  
 Ný kynslóð lágvöruverðsverslana

**Opnunartímar í Krónunni:**  
 Krónan Höfða virka daga 11-19 lau 10-19 sun 11-19  
 Krónan Lindum virka daga 11-20 helgar 10-20  
 Krónan Granda alla daga 10-19  
 Krónan Breiðholti virka daga 11-21 lau. 11-21 sun. 12-21  
 Krónan Árbæ virka daga 11-21 helgar 10-21  
 Krónan alla daga



# KRÓNAN



í takt við tímann

**1 lítri**

**199** kr. stk.  
Tropi Appelsínusafi með aldinkjöti

**398** kr. pk.  
Cheerios 397g

**219** kr. kg  
Epli græn

**279** kr. pk.  
McVities Digestive Milk 33%

**129** kr. stk.  
Skyr 500g

**169** kr. pk.  
Skóla agúrkur

**99** kr. stk.  
Snúður með glassúr eða súkkulaði

**179** kr. stk.  
Bláfjallabrauð og Pálmabrauð

**199** kr. pk.  
Tropi Appelsínu, Epla og Tríó 3xl/4L

**699** kr. pk.  
Krónu Eldhúsrullur 8stk.

**25% afsláttur**  
Friskies Hunda- og kattamat

**25% afsláttur**  
Pussi Kattamat

**15% afsláttur**  
Pedigree Nagbein og Nammi

Krónan Mosfellsbæ  
virka daga 10-20

Krónan Reykjavíkurvegi  
virka daga 11-21  
helgar 10-21

Krónan Hvaleyrarbraut  
virka daga 11-21  
lau. 11-21 sun. 12-21

Krónan Akranesi  
alla daga 10-19

Krónan Reyðarfirði  
mán-fim 11-18  
fös 11-19  
lau. 11-17 sun. 12-16

Krónan Vestmannaeyjum  
virka daga 11-19  
lau 11-18 sun lokað

Krónan Selfossi  
virka daga 10-20  
helgar 10-19

# Oprah skotin í Jay-Z

Samkvæmt bandarísku útvarpsstöðinni O Radio féll Oprah Winfrey fyrir rapparanum Jay-Z þegar hún tók nýlega viðtal við hann í spjallþætti sínum. Oprah, sem er 55 ára, segir rapparann hafa ilmað sérstaklega vel. „Jay-Z er nýi besti vinur minn, hann var svo sjarmerandi og indæll. Þegar

hann faðmaði mig festist lyktin hans á mér og ég gat enn fundið hana þegar við fórum yfir á næsta tókustað.“ sagði hún í viðtali við útvarpsstöðina.

Oprah hefur verið laus og liðug eftir að sambandi hennar og Stedman Graham lauk, en hann var kærasti hennar til langs tíma. Þau byrjuðu saman árið 1986 og höfðu planað að gifta sig 1992,

en aldrei varð af brúðkaupinu. Samkvæmt heimildum tímaritsins National Enquirer fannst Graham hann vera lítilsvirtur og flutti út úr íbúð þeirra Oprah í Chicago eftir að hún fór í tveggja vikna lúxussiglingu með nánnum vini sínum, Gayle King, og skildi Graham eftir heima.

### LAUS OG LIÐUG

Oprah heillaðist af rapparanum Jay-Z í spjallþætti sínum, en hún sagði hann ilma vel og vera einstaklega sjarmerandi.

**HEILLANDI** Jay-Z kom vel fyrir í þætti Oprah, en hann er eiginmaður söngkonunnar Beyoncé.



# Ashlee reið Perez

Söngkonan Ashlee Simpson er reið út í slúðurblogg-arann Perez Hilton fyrir slúðurmola sem hann ritaði um hana á bloggsíðu sinni. Samkvæmt fréttinni á Simpson að hafa drukkið sig fulla í veislu sem eiginmaður hennar, tónlistarmaðurinn Pete Wentz, hélt og látið öllum illum látum og á jafnvel að hafa skipað eiginmanninum heim í rúmið. Ashlee ákvað að snúa vörn í sókn og skrifaði á Tweet-ið sitt eftirfar-

andi skilaboð; „Það eina sem þú gerir er að spinna upp gróusögur um aðra. Líttu í spegil. Finnst þér þú vera mennskur? Karma er tík. Sagan sem þú sagðir er langt frá sannleikanum.“



### ÓSÁTT

Ashlee Simpson er ósátt við slúðurbloggarrann Perez Hilton sem skrifaði að hún hefði verið full.

# Læknar Jacksons kærðir

Bandarískir og breskir fjölmiðlar héldu því fram í gær að tveir af einkalæknunum Michaels Jackson yrðu færðir í gæsluvarðhald og hugsanlega kærðir fyrir aðild að dauða poppgöðsins.



**SAKAMÁL** Lögreglan í Los Angeles rannsakar nú andlát Jacksons sem sakamál og læknarnir hans tveir, Conrad Murray og Arnold Klein, liggja sterlega undir grun um að hafa ávísað á hann af sterkum verkjalyfum sem hugsanlega drógu hann til dauða.

Bandaríska fréttastöðin Fox News hélt því fram í gær Dr. Conrad Murray og Dr. Arnold Klein, einkalæknar Michaels Jackson, yrðu handteknir eftir tveir vikur og að þá yrðu þeir kærðir fyrir manndráp af gáleysi. Lögreglan í Los Angeles verst allra fréttu en samkvæmt Fox News hyggst hún nota næsta hálfu mánuðinn til að safna saman sönnunargögnum sem eiga að nægja til að byggja upp mál gegn Murray og Klein. Þótt krufning Jacksons hafi ekki verið gerð opinber þykir mönnum líklegt að verkjalyfið Propafol, sem er víst í

sterkara lagi, hafi dregið Jackson til dauða 25. júní. Læknarnir hafi skrifað upp á lyfið fyrir Jackson og með því sýnt vítavert gáleysi. Eftir því sem Fox News kemst næst ber Klein mun meiri ábyrgð á andláti poppgöðsins en Murray enda var hann einkalæknir Michaels. Talið er líklegt að Jackson hafi fengið hjartaáfall á heimili sínu í Kaliforníu af völdum verkjalyfsins.

Í gær var síðan sammingsdrögum tryggingafyrirtækisins AEG og Jacksons lekið á netið. Þar kemur í ljós að Jackson hafi verið heill heilsu. Læknar tryggingafélagsins gátu ekki komið auga á neitt í heilsufari hans sem hefði getað komið í veg fyrir að hann gæti sinnt This is it-tónleikaferðinni



**HÚSLEIT** Þegar hefur verið framkvæmt hútleit hjá lækninum Conrad Murray og er búist við að hann ásamt Dr. Arnold Klein verði kærður fyrir manndráp af gáleysi.




**SKILDI KÆRSTANN EFTIR Í SÁRUM** Madonna neitar að ganga með armband sem Jesús kærasti hennar gaf henni.

# Grætti Jesús á afmæli sínu

Breska dagblaðið Daily Mirror segir að Madonna hafi grætt kærasta sinn Jesús Luz, 22 ára, þegar hún neitaði að ganga með armband sem hann gaf henni í afmælisgjöf á 51 árs afmælisdeginum.

Jesús gaf Madonnu suður-amerískt lukkuarmband á afmælisdegi hennar síðastliðinn sunnudag. Hún brosti þegar hún opnaði gjöfina en var fljót að tilkynna Jesús að hún gæti ekki gengið með armband, með þeim afleiðingum að Jesús brast í grát. Ástæðuna sagði söngkonan vera að armbandið stangi í stúf við trúarleg Kabbalah armbönd hennar. Madonna hældi kærasta sínum þó í hástert í ræðu sem hún hélt í afmælisveislu sinni og kyssti hann innilega að lokum.



**GÓÐHJARTAÐUR** Simon Cowell lætur gott af sér leiða með því að styrkja hundaheimili í Kaliforníu.

# Styður hunda í neyð

Simon Cowell gefur 100.000 pund á ári til heimilislausra hunda í Kaliforníu. Hundaheimilið, sem er í Toluca Lake, er ætlað hundum sem hafa verið yfirgefnir eða skildir eftir á víðavangi og er rekið af leikkonunni Lindu Blair.

Samkvæmt heimildarmanni hundaheimilisins er Simon mikill hundaunnandi en getur ekki átt hund sjálfur sökum stanslausra ferðalaga. Árlegir fjárstyrkir Cowells eru sagðir skipta sköpum fyrir heimilið og ekki þykir ólíklegt að hann muni arfleiða það að stórum upphæðum þegar hann fellur frá, en hann hefur áður sagt að hann vilji styrkja góðgerðasamtök fyrir hunda þegar hann deyr.

**Ódýrt í matinn á**

# FÖSTUDÖGUM

**Tilboðið gildir alla daga**

498

4 hamborgarar og 4 brauð

**Tilboðið gildir alla daga**

11

**alltaf í leiðinni!**

**HVAÐ? HVENÆR? HVAR?**

**Föstudagur 21. ágúst 2009**

→ **Leiklist**

**20.00** Ég man eina stund, gagnvirkt verk eftir Ástbjörgu Rut Jónsdóttur á artFart. Sýnt í Leikhús-Batteriinu. Aðgangur ókeypis.

**21.00** Spunakvöld artFart og Leikhúss-Batterisins. Miðaverð 800 krónur.

→ **Jazzhátíð**

**21.00** Gitarveisla Jazzhátíðar á Nasa. Hilmar Jensson, Marc Ducret, Björn Thoroddsen, Ulf Wakenius og Guðmundur Pétursson ásamt Hljómsveit sýna snilli sína.

**22.00** Orgel Orgja Jasshátíðar á Rosenberg. Asa tríó, Tríó Þóris Baldurssonar ásamt gestum.

→ **Tónlistarhátíð**

**20.30** Setning og upphafstónleikar Berjadaga á Ólafsfirði við kertaljós í Tjarnarborg. Flutt verður kammertónlist og ljóð eftir afmælisbörn ársins, þá Joseph Haydn og Felix Mendelssohn.

→ **Síðustu forvöð**

**17.00** Myndlistasýningu Austurbæjarbíós lýkur í dag. 14 ungir og efnilegir listamenn sem hafa stundað vinnu sína í Austurbæjarbíói sýna verk sín.

→ **Kynningarfundur**

**20.30** Ungir palestínkir og íslenskir sjálfboðaliðar frá Rauða hálfmánanum og Rauða krossinum ætla að segja frá reynslu sinni af sjálfboðaliðastarfi innan ólíkra menningarheima í Molanum, Kópavogi. Ungir sjálfboðaliðar úr félaginu Island-Palestína verða einnig með kynningu á sínu starfi.

→ **Ljóðahátíð**

**16.00** Bókamarkaður Nýhil undir berum himni á Hjartatorgi milli Laugavegar og Hverfisgötu ef veður leyfir.

**21.00** Ljóðapartí með fjórum erlendum og sex íslenskum skáldum við Tryggvagötu 11. Tepokinn spilar að upplestri loknum.

→ **Dans**

**18.00** Danssýningin Fresh Meat, eftir Sigríði Soffíu Níelsdóttur og Snædisi Lilju Ingaðóttur sýnd á artFart í Leikhús-Batteriinu. Miðaverð 1000 krónur. Nánar á artfart.is

→ **Tónlist**

**21.00** Kveðjutónleikar Skáta á Sódómu Reykjavík. Einnig koma fram Me, The Slumbering Napoleon, Reykjavík! og Sudden Weather Change. Aðgangseyrir 1.000 krónur.

**21.00** Nesi, Sjana og hinar kellingarnar á Græna Hattinum á Akureyri. Miðaverð 1.500 krónur.

**23.00** Danni De lxxx og Damien E.I.E. á Jacobsen.

**23.00** Hvanndalsbræður með tónleika í kvöld í Valaskjálfi á Egilsstöðum.

→ **Listamannasjall**

**20.00** Anna Línal stjórnað umræðum í Skapandi endurnýtingarstöðinni, á Hverfisgötu 42.

→ **Myndlist**

**13.00** Opnun nýs galleris, Gallery Nútímalist að Skólavörðustíg 3a. Þar stendur yfir sýning með úrvali af verkum Drífu Viðar Thoroddsen.

**Upplýsingar um viðburði sendist á** [hvar@frettabladid.is](mailto:hvar@frettabladid.is).

# ALLTAF BETRA VERÐ

## Acer Aspire 7530G-623G25MN

2.0GHz AMD Athlon X2 Mobile QL-62 örgjörvi • 3GB DDR2 667MHz minni • 250GB SATA diskur • 8xDVD±RW Dual Layer og CD-RW skrifari • 17" WXGA CrystalBrite breiðskjár • 256MB DDR2 Geforce Go 9100M GS skjákort • Þráðlaust 802.11bgn netkort • Vefmyndavél • Windows Vista Home Premium

acer **FARTÖLVA**

**119.990**



msi **FARTÖLVA**

### MSI Wind U123

Intel Atom N280 1.66GHz örgjörvi • GMA 950 skjákort • 1GB vinnsluminni • 160GB harður diskur • 10" WSVGA skjár • Þráðlaust BGN netkort • Bluetooth • Vefmyndavél • Windows XP Home • Fæst hvít eða grá

**79.990**



TOSHIBA **FARTÖLVA**

### Toshiba L300-25L

2.2GHz Intel Celeron M 900 Centrino örgjörvi • 1GB DDR2 800MHz minni • 120GB SATA harðdiskur • 8xDVD±RW Dual Layer og CD-RW skrifari • 15.4" WXGA breiðskjár • Intel Graphics Media Accelerator X4500 skjákort • Þráðlaust 54Mbps 802.11b/g netkort • 3xUSB 2.0, VGA, ExpressCard Slot ofl. • Windows Vista Home Basic

**89.990**



TOSHIBA **FARTÖLVA**

### Toshiba PRO L300D-227

2.0GHz Mobile AMD Sempron SI-40 örgjörvi • 2GB DDR2 800MHz minni • 160GB SATA harðdiskur • 8xDVD±RW Dual Layer og CD-RW skrifari • 15.4" WXGA breiðskjár • ATI Radeon HD 3200 PCI-Express skjákort • Þráðlaust 54Mbps 802.11b/g netkort • 3xUSB 2.0, VGA, ExpressCard Slot • Windows Vista Home Basic

**99.990**



TOSHIBA **FARTÖLVA**

### Toshiba Satellite PRO L300-28T

2.0GHz Intel Core 2 Duo T5870 örgjörvi • 2GB DDR2 800MHz minni • 160GB SATA harðdiskur • 8xDVD±RW Dual Layer og CD-RW skrifari • 15.4" WXGA breiðskjár • Intel Graphics Media Accelerator X4500 skjákort • Þráðlaust 54Mbps 802.11b/g netkort með loftneti í skjá • Vefmyndavél • Windows Vista Business ásamt XP Pro

**129.990**



TOSHIBA **FARTÖLVA**

### Toshiba Satellite U400-16E

2.0GHz Intel Core Duo T3200 örgjörvi • 3GB DDR2 800MHz vinnsluminni • 250GB harðdiskur • DVD±RW Dual Layer skrifari • 13.3" WXGA breiðskjár • Intel Graphics Media Accelerator X4500 skjákort • Windows Vista Home Premium • 1.3MP vefmyndavél í skjá

**149.990**



TOSHIBA **FARTÖLVA**

### Toshiba Satellite Pro P300-1EG

2.0GHz Intel Core 2 Duo T5870 örgjörvi • 3GB DDR2 800MHz minni • 160GB diskur • DVD±RW Dual Layer og CD-RW skrifari • 17" WXGA breiðskjár • ATI Mobility Radeon HD 3470 PCI-Express skjákort • Þráðlaust 802.11a gn netkort • Windows Vista Business ásamt XP Pro

**159.990**

# TÖLVU LISTINN

TL.IS

www.tolvulistinn.is

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRDUR

NÓATÚNI 17  
S: 414 1700

STRANDGÖTU 9  
S: 414 1730

MÍÐVANGI 2-4  
S: 414 1735

HAFNARGÖTU 90  
S: 414 1740

AUSTURVEGI 34  
S: 414 1745

REYKJAVÍKURVEGI 66  
S: 414 1750

# FÁÐU ÞÉR KORT



ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ



FRIDA

GERPLA



BRENNUVARGARNIR

FÍASÓL



UTAN GÁTTA

ÍSLANDSKLUKKAN



OLIVER!

HÆNUUNGARNIR

Fjögurra sýninga  
leikhúskort kostar aðeins  
**9.900** kr.

Opið hús í Þjóðleikhúsinu 29. ágúst

Leikhúsið leitar að strákum á aldrinum 8-13 ára til að fara með hlutverk í söngleiknum Oliver! Skráning í áheyrnaprófur fer fram á Opnu húsi í Þjóðleikhúsinu 29. ágúst kl. 13-16.



Komdu til okkar á Hverfisgötuna, hringdu í síma 551 1200, sendu okkur póst á midasala@leikhusid.is eða smelltu á leikhusid.is

## Fullt út úr dyrum á Jazzhátíð

„Þetta hefur gengið alveg hreint glimrandi,“ segir Pétur Grétarsson, skipuleggjandi Jazzhátíðar Reykjavíkur. „Fyrsta vikan er að klárast. Við höfum oft verið dálítið seinir í gang en núna startaði hún með miklum látum. Við erum alveg búnir að sprengja utan af okkur Rosenberg.“

Þetta er þriðja árið í röð sem Pétur stjórnar hátíðinni og segir hann viðbrögðin í ár þau bestu hingað til. „Við erum að selja aðgangspassa og fólk nýtir þá mjög vel. Það er ótrúlega gaman fyrir okkar listamenn að hafa svona fjölsóttu tónleika.“

Hátíðin stendur yfir í þrjár vikur til viðbótar. Í kvöld verða fyrstu stóru tónleikarnir þar sem sannkölluð gítarveisla verður haldin á Nasa. Á meðal þeirra sem stíga þar á svið eru Hilmar Jensson ásamt franska gítarleikaranum Marc Ducret og bandaríska trommamanum Jim Black, Björn Thoroddsen, með sænska gítarsnillingnum Ulf Wakenius, og Guðmundur Pétursson ásamt hljómsveit. - fb



ÁNÆGÐIR DJASSARAR Pétur Grétarsson (í miðjunni) ásamt hópi íslenskra djassspilara sem spila á hátíðinni í ár.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Nýjum sjónvarpsþætti fagnað

Aðstandendur sjónvarpsþáttaraðarinnar Ástríðar fögnuðu frumsýningu á skemmtistaðnum Barböru við Laugaveg 22.

Þættirnir eru sýndir á Stöð 2 og fór fyrsti þátturinn í loftið á miðvikudagskvöld en mörgum af þekktustu gamanleikurum þjóðarinnar bregður fyrir í þeim. Þættirnir segja frá Ástríði sem hefur störf hjá fjármálaframtækni í Reykjavík þegar góðærið stendur sem hæst. Þættirnir eru sagðir vera í rómantískum dúr en þeir fjalla um áður nefnda Ástríði sem gengur betur að finna þann ranga í lífi sínu en þann rétta.

Ilmur Kristjánsdóttir leikur aðalhlutverkið í þáttunum en meðal annarra sem koma við sögu í þeim má nefna Hilmi Snæ Guðnason, Friðrik Friðriksson, Margrét Vilhjálmisdóttir og Þóri Sæmundsson, ungan leikara sem nam sín fræði í Noregi. Leikstjóri er Silja Hauksdóttir en handritshöfundur Íslands, Sigurjón Kjartansson, hafði yfirumsjón með gerð handritsins og naut þar dyggrar aðstoðar þeirra Silju og Ilmar auk Kötlu Maríu Þorgeirsdóttur. - fgg



LEIKSTJÓRINN OG LEIKKONAN Silja Hauksdóttir leikstýrir Ástríði en Ilmur Kristjánsdóttir leikur aðalhlutverkið.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



NÝSTIRNI Þóra Karítas leikur eitt aðalhlutverkanna í Ástríði ásamt Þóri Sæmundssyni (t.v.). Með þeim er Sigurður Guðjónsson.



STJARNAN OG MENNIRNIR Á BAK VIÐ TJÖLDIN Sjónvarpstjórinn Pálmi Guðmundsson ásamt sinni hægri hönd, Skarphéðni Guðmundssyni dagskrárstjóra og stjórnu þáttanna, Ilmi Kristjánsdóttur.



SÁTT Kjartan Guðjónsson, Harpa Elísa og Friðrik Friðriksson voru að sjálfsgöngu kampakát í frumsýningartími Ástríðar.

[upplýsinga-  
sími skólans  
er 568.3725]

[veldu  
góðan  
jarðveg  
fyrir  
barnið  
þitt] -veldu Suðurhlíðarskóla!

# Glæpir gleymast ekki KÍNVÆRJINN

Grípandi saga um hatur  
og hefnd sem teygir sig  
til þriggja heimsálfa,  
yfir þrjár aldir.

Þú leggur hana ekki frá þér.

Besta bók  
Mankells  
í 15 ár!



*„...höfundinum tekst frábærlega upp, breint stórkostlega.“*

Aftenposten



MÁL OG MENNING  
[www.forlagid.is](http://www.forlagid.is)



Skynsamleg  
næring

*Við óskum landsmönnum góðs  
gengis í Reykjavíkumaraþoni  
Íslandsbanka á laugardaginn*

**Birgir Sævarsson** (2:35:51)

Sá Íslendingur sem á besta  
tímann í maraþoni á þessari öld



 **HERBALIFE**  
sjálfstæðir dreifingaraðilar





**NIKE** hausttískan komin  
föt, skór og töskur fyrir skólann

**NIKE**  
**SPORTSWEAR**

HOLTAGÖRDUM • GLÆSIBÆ • KRINGLUNNI • SMÁRALIND • SÍMI 545 1500

**ÚTILÍF**



**SIGURVEGARI** Semenya kemur hér langfyrst í mark í 800 metra hlaupinu.

NORDIC PHOTOS/AFP

Foreldrar Semenya:

## Hún er litla stelpa okkar

**FRJÁLSAR** Fjölmíðar í Suður-Afríku hafa setið um foreldra Caster Semenya eftir að í ljós kom að Alþjóðafriðsambandið vildi sannreyna kyn hennar.

Foreldrarnir hafa báðir tjáð sig um málið við fjölmiðla.

„Hún er litla stelpa mín. Ég ól hana upp og hef aldrei verið í vafa um kynferðið. Hún er kona og ég get vel endurtekið það milljón sinnum,“ sagði faðir hennar, Jacob.

Meira að segja amma Semenya hefur tjáð sig um málið sem hún segir vera vitleysu.

„Hvað get ég gert þegar hún er kölluð karlmaður þó svo hún sé ekki karlmaður? Guð lét hana líta svona út,“ sagði amman ákveðin.

„Hún sagði við mig að hún skildi ekki allt þetta fjaðrafok. Hún trúir því að hún hafi fengið þessa hæfileika frá Guði og hún mun nýta sér þessa hæfileika,“ sagði liðstjóri suðurafrikska liðsins á HM í Berlín.

-hbg

# Er Semenya úlfur í sauðargæru?

Heimsmeistarinn í 800 metra hlaupi kvenna, Caster Semenya, hefur að mörgu leyti stolið senunni á HM í frjálssíróttum. Ekki bara fyrir frábæra frammistöðu og heimsmeistaratitil heldur fyrir þá staðreynd að margir telja að hún sé karlmaður. Hefur hin 18 ára Semenya verið skikkuð í kynpróf.

**FRJÁLSAR** Það er um fátt meira talað í íþróttahéminum þessa dagana en hina 18 ára hlaupakonu frá Suður-Afríku, Caster Semenya. Hún ruddist fram á sjónarsviðið fyrir þrem vikum og vann síðan ótrúlegan sigur á heimsmeistarastöðum í 800 metra hlaupi. Hljóp hún úrslitahlaupið á besta tíma ársins.

Hún gaf engin viðtöl eftir úrslitahlaupið en einhverjir blaðamenn kölluðu að henni spurningar. Svárið sem þeir fengu var einfalt: „Mér er alveg sama um þetta próf,“ sagði Semenya. Hún hefur nefnilega verið skikkuð til þess að gangast undir próf til að sannreyna kyn hennar enda leikur grunur á því að hún sé karlmaður en ekki kvenmaður.

Alþjóða frjálssíróttasambandið fór fram á prófið þegar hún hljóp á besta tíma ársins á Afríkumóti unglunga í lok júlí. Hún hefur því skotist úr því að vera óþekktur hlaupari yfir í að verða heimsmeistari með yfirburðum á mettíma. Það tekur margar vikur að fá niðurstöður úr kynprófum og því liggur ekki ljóst fyrir hvort hún sé karl eða kona fyrr en eftir nokkrar vikur.

Svona mál eru eðlilega erfið meðferðar



**KARLMANNLEG** Hin 18 ára Semenya er ákaflega kraftalega byggð og þykir að margra mati ekki mjög kvenleg. Verður áhuga-vert að sjá hvað kemur út úr kynprófinu.

NORDIC PHOTOS/AFP



en Alþjóða frjálssíróttasambandið hefur fengið bággt fyrir að greina frá þessu skömmu áður en úrslitahlaupið fór fram.

„Það má ekki gleyma því að hún er að keppa í þeim flokki sem Suður-Afríka setur hana í. Þessi uppátækt er vissulega ósanngjörn og

niðurlægjandi fyrir keppandann en miðað við hversu mikið hefur verið svindlað í þessari íþróttgrein þá verður að leiða öll svona mál til lykta,“ sagði Michael Johnson sem vann fjögur Ólympíugull í spretthlaupum á sínum tíma. „Ég tel að það sé rétt hjá sambandinu að taka á málinu en það fer kolvittlaust að því.“

Breska hlaupagoðsögnin Steve Cram er einnig gagnrýninn á frjálssíróttasambandið. „Þessi tímasetning á tíðindunum er ótrú-

lega ósanngjörn gagnvart keppandannum,“ sagði Cram og fjölmargir aðrir hafa tekið í sama streng.

Suður-Afríkumönnum blöskrar þessi umræða og þeir standa með „stelpunni“ sinni.

„Þessi umræða er niðurlægjandi fyrir konur og gefur til kynna að konur séu hægar. Caster er ekki eina konan í heiminum sem er sterklega byggð,“ segir í yfirlýsingu frá helsta stjórnmálaflokki landsins.

henry@frettabladid.is

50%  
afsláttur  
af jakkafötum\*



\*Gildir ekki af Esprit og Mexx

DEBENHAMS

HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND  
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR



**RAFA BENITEZ** Var mikið í slúðurfréttunum en er ekki á förum.

NORDIC PHOTOS/AFP

Orðrómur um að Benitez væri að hætta:

## Benitez er ekki á förum frá Liverpool

**FÓTBOLTI** Hávær orðrómur fór í gang á miðvikudaginn um að Rafael Benitez væri við það að labba út hjá Liverpool. Svo hátt fór orðrómurinn að veðmangarar hættu að taka við veðmálum um að hann væri að hætta með liðið.

Christian Purslow, framkvæmdastjóri Liverpool sem er að taka við flestu af því sem Rick Parry sinnti hjá félaginu, segir ekkert vera til í þessum orðrómi. Benitez verði um kyrrt hjá félaginu.

„Þessi orðrómur er 100 prósent kjaftæði. Ég snæddi kvöldverð með Rafa og sú staðreynd að ég hafði ekki einu sinni heyrt þennan orðróm ætti að gefa fólki til kynna hversu mikið hafi verið að marka hann,“ sagði nýliðinn Purslow ákveðinn.

Liverpool fór illa af stað í deild-

inni og á sama tíma komu fréttir um að Benitez myndi ekki fá miklar fjárhæðir til að spila úr á leikmannamarkaðnum. Það kveikti orðróminn sem fór eins og eldur í sinu um netheima og tók á sig hinar ýmsu myndir.

Svo hangir alltaf yfir Liverpool sú staðreynd að Real Madrid hefur lengi haft Benitez í sigtínu en hann gerði einmitt frábæra hluti með liði Valencia áður en hann fór til Liverpool.

„Ég hef sagt það áður og ég segi það enn að ég er 100 prósent skuldbundinn því verkefni sem ég er að vinna hjá Liverpool. Það kemur ekki til greina að svíkja félagið, stuðningsmennina og leikmennina,“ sagði Benitez og má því líkast til byrja að veðja um framtíð hans á nýjan leik.

-hbg

# 26 REYKJAVÍKUR ÁRA MARAÞON ÍSLANDBANKA

22. ÁGÚST 2009



## GÓÐIR STAÐIR TIL AÐ HVETJA HLAUPARA



[www.marathon.is](http://www.marathon.is)

### TRUFLUN Á UMFERÐ

Líkt og undanfarin 25 ár er nauðsynlegt að loka götum á meðan Reykjavíkumaraþon Íslandsbanka fer fram. Búast má við truflun á umferð meðan á hlaupi stendur. Bílstjórar eru beðnir að sýna hlaupurum tillitsemi.

#### Lokanir á götum frá kl. 01-16

Bjarkargata  
Frikirkjuvegur  
Geirsgata  
Kalkofnsvegur  
Lækjargata  
Skothúsvegur  
Sóleyjargata  
Sæbraut að Laugarnesvegi  
Tjarnargata  
Vonarstræti

#### Einstefna frá kl. 08-15

Vestur Ægisíðu og Nesveg  
Austur Eiðsgranda  
Austur Mýrargötu  
Austur Sæbraut milli  
Laugarnesvegur og Holtavegar

#### Truflun á umferð frá 8-12

Suðurgata að Melatorgi og Lynghagi. Suðurströnd, Lindarbraut og Norðurströnd. Hringtorg vestast á Hringbraut, Ánanaust og Hringtorg við enda Mýrargötu. Suðurgata, Melatorgi, Vesturgata, Hafnarstræti. Gatnamót Borgartúns og Kringlumýrarbrautar. Gatnamót Suðurlandsbrautar og Reykjavegar. Engjavegur við Fjölskyldugarð. Álfheimar við Glæsibæ. Skeiðarvogur við Suðurlandsbraut. Aðalstræti.

 **TÖKUM STRÆTÓ!**



> Luke Wilson

„Ef maður starfar sem leikari, þá er maður í bransa þar sem það er í lagi að fullorðnast aldrei.“

Luke Wilson fer með hlutverk í kvikmyndinni Idiocracy sem sýnd er á Stöð 2 í kvöld.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ SARA MCMAHON VAR OF ÞREYTT TIL AÐ HORFA Á ZEITGEIST TIL ENDA

Samsæriskenning sem varð til vegna þreytu

Hópur fólks á Fésbókinni skoraði fyrir stuttu á Ríkissjónvarpið að sýna myndina Zeitgeist-Addendum því þeim þótti myndin eiga erindi við landann á þessum umbrotatímum. Sjónvarpið brást við og sýndi myndina á miðvikudaginn var. Fyrir mína parta þótti mér myndin sýnd fullseint, sérstaklega þar sem hún er um tveggja tíma löng. Í kvikmyndinni er varpað fram ýmsum spurningum um siðferði fyrir-tækja, græðgi stjórnvalda og um kúgun á almenningi. Ég var orðin nokkuð þreytt eftir erilsaman dag þegar ég settist fyrir framan skjáinn til að horfa á kvikmyndina og hafði þar af leiðandi ekki nægilegt þol til að halda mér vakandi allt til söguloka. Á leiðinni í háttinn hugsaði ég með mér, í anda Zeitgeist-manna, hvort þetta væri samsæri. Skyldi Ríkissjónvarpið hafa ákveðið að sýna kvikmyndina til þess að halda almúganum góðum, en ákveðið að sýna hana á þannig tíma að aðeins fáir hefðu þrek til



að horfa allt til enda? Sjónvarpið er, jú, ríkisrekið. Rekið af stjórnmöldum sem vinna með Alþjóðagjaldeyrissjóðnum að endurreisn Íslands, ekki fær sú stofnun góða útreið hjá Zeitgeist-mönnum. Skyldi ríkja þögult samkomulag milli stjórnvalda og Ríkissjónvarpsins um að halda sauðsvört-um almúganum í myrkrinu hvað varðar sannleikann um AGS og fleiri eldfim mál? Þetta hugsaði ég með mér og mundi þá

eftir annarri heimildarmynd, Outfoxed, sem gerð var um sjónvarps-stöðina Fox sem er í eigu milljarðarmæringins og repúblikanans Roberts Murdoch. Myndin var nokkuð umdeild og varpaði fram þeirri spurningu hvort sjónvarpsstöðvar væru í raun hlutlausar í umfjöllun sinni.

Það væri ánægjulegt ef Sjónvarpið mundi kollvarpa þessum samsæriskenningum og endursýna Zeitgeist Addendum á tíma þegar fleiri geta haldið sér vakandi.

FÖSTUDAGUR



19.20 The Simpsons STÖÐ 2



19.40 The Sopranos STÖÐ 2 EXTRA



20.10 Poppunktur SJÓNVARPIÐ



20.10 The Contender Muay Thai SKJÁREINN



22.00 Into the Blue STÖÐ 2 BÍÓ

SJÓNVARPIÐ

- 15.35 Leiðarljós (e)
16.15 Leiðarljós (e)
17.00 Tákn málsfréttir
17.10 Barnaefni: Bjargvætturinn, Bangs-ímon og vinir hans
18.00 Helgarsportíð Íþróttabáttur þar sem stíklað er á stóru um atburði síðustu viku, hitað upp fyrir atburði helgarrinnar og sérstakir íþróttaviðburðir teknir fyrir.
19.00 Fréttir
19.30 Veðurfréttir
19.35 Kastljós
20.10 Poppunktur (Sigur Rós - Bloodgroup) Dr. Gunni og Felix Bergsson stjórna spurningakeppni hljómsveita. Hér mætast Sigurros og Bloodgroup í áttaliða úrslitum.
21.15 Tryggur förunautur (Love Leads the Way: A True Story) Bandarísk fjölskyldu-mynd frá 1984 um mann sem missir sjónina og verður einna fyrstur Bandaríkja-manna til þess að notast við blindrahund en þarf að hafa talsvert fyrir því að fá leyfi til þess. Aðalhlutverk: Timothy Bottoms og Susan Dey.
22.55 Myrkraverk (Collateral) Bandarísk spennu-mynd frá 2004. Leigubílstjóri verður gísl leigumorðingja sem lætur hann aka sér milli morðstaða í Los Angeles. Aðalhlutverk: Tom Cruise og Jamie Foxx. (e)
00.50 HM í frjálsum íþróttum Samantekt frá keppni dagsins á HM í frjálsum íþróttum sem fram fer í Berlín.
01.45 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

BÍÓ

- 08.00 Catch and Release
10.00 Phat Girlz
12.00 Draumalandið
14.00 Shoppgirl
16.00 Catch and Release
18.00 Draumalandið
20.00 United 93
22.00 Into the Blue Aðalhlutverk: Jessica Alba og Paul Walker.
00.00 Rocky Balboa
02.00 The Business
04.00 The Amityville Horror
06.00 Picture Perfect

STÖÐ 2

- 07.00 Barnaefni. Flintstone krakkarnir, Dyrkun smáeðla, Gulla og grænjaxlarnir, Kalli litli Kanína og vinir
08.15 Oprah
08.55 Í fínu formi
09.10 Bold and the Beautiful
09.30 Doctors (2:25)
10.00 Doctors (3:25)
10.30 Jamie At Home (7:13)
11.00 Amnesia (3:8)
11.50 Wildfire (7:13)
12.35 Nágrannar
13.00 Hollyoaks (260:260)
13.25 La Fea Más Bella (8:30) Suður-amerísk smásápa sem er fyrirmyndin að framhaldspáttaröðinni Ljótú-Betty.
14.10 La Fea Más Bella (9:30)
14.55 La Fea Más Bella (10:30)
15.55 Barnaefni: Camp Lazlo, Kalli litli Kanína og vinir, Saddle Club
17.08 Bold and the Beautiful
17.33 Nágrannar
17.58 Friends (16:24)
18.23 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.47 Íþróttir
18.54 Ísland í dag
19.11 Veður
19.20 The Simpsons (9:22)
19.45 Two and a Half Men (6:24)
20.10 Beauty and the Geek (4:10) Markmiðið er sem fyrr að kanna hversu djúpt er á töffaranum hjá gáfnaljósinu og hversu auðvelt fegurardísín á með að nota heilann í stað þokkans sér til framdráttar.
20.55 Stelpurnar (11:20) Stöð 2 endursýnir nú valda þætti af íslensku grínþáttunum Stelpunum.
21.20 Idiocracy Kolsvört og hrikalega myndin gamanmynd um náunga sem yfir-völd ráða í leyneverkefni og setja í djúpsvefn. En verkefnið skolatil í kerfinu, hann gleymist og vaknar ekki fyrr en eftir 500 ár - þegar mannkynið hefur endanlega tapað glórinni.
22.55 It's All Gone Pete Tong
00.25 License To Drive
01.55 Battle Royale
03.50 Primer.
05.05 The Simpsons (9:22)
05.30 Fréttir og Ísland í dag

SPORT

- 07.00 Starbæk - Valencia Útsending frá leik í Evrópu deildinni.
17.55 Starbæk - Valencia
19.35 PGA Tour 2009 - Hápunkt- ar Sýnt frá hápunktunum á PGA mótardö-inni í golfi.
20.30 Valencia Sýnt frá æfingum lið-anna fyrir Formúlu 1 kappaksturinn í Valen-ia á Spáni.
21.00 Gillette World Sport 2009 Fjöl-breyttur íþróttabáttur þar sem farið er um víðan völl. Farið er yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum úti í heimi og skyggnst á bak við tjöldin.
21.30 Inside the PGA Tour 2009 Skyggnst á bakvið tjöldin í PGA mótardöinni og árið skoðað í bak og fyrir.
22.00 Bash Room Magnaðir bardagar í þessari frábæru seríu. Allir fremstu bardaga-menn heims mæta til leiks og keppa um titil-inn The Ultimate Fighting Champion.
22.45 Poker After Dark Margir af snjöll-ustu pókerspilurum heims mæta til leiks í Texas Holdem. Doyle Bronson, Chris Money-maker, Daniel Negreanu, Gus Hansen og fleiri magnaðir spilarar sýna áhorfendum hvernig atvinnumenn spila póker.
23.30 Poker After Dark

SPORT 2

- 17.30 Enska úrvalsdeildin. Liverpool - Stoke Útsending frá leik Liverpool og Stoke í ensku úrvalsdeildinni.
19.10 Enska úrvalsdeildin. Wigan - Wolves Útsending frá leik Fulham og Black-burn í ensku úrvalsdeildinni.
20.50 Premier League World 2009/10 Enska úrvalsdeildin skoðuð frá ýmsum hlið-um.
21.20 Upphitun Hitað upp fyrir leiki helg-arinnar í ensku úrvalsdeildinni. Athyglisverðar viðureignir skoðaðar og viðtöl tekin við þjálf-ara og leikmenn.
21.50 Liverpool - Newcastle, 1996 Há-punktarir úr bestu og eftirminnlegustu leik-um úrvalsdeildarinnar.
22.20 Nottingham Forest - Man. Utd. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnlegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
22.50 Upphitun Hitað upp fyrir leiki helg-arinnar í ensku úrvalsdeildinni.
23.20 Enska úrvalsdeildin. Everton - Arsenal Útsending frá leik Everton og Ars-enal í ensku úrvalsdeildinni.

SKJÁREINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist
08.00 Rachael Ray (e)
08.45 Pepsi MAX tónlist
17.35 Monitor (5:8) (e)
18.05 Rachael Ray Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.
18.50 What I Like About You (14:24) (e) Bandarísk gamansería um tver ólíkar systur í New York.
19.15 Welcome to the Captain (1:5) (e)
19.45 America's Funniest Home Vid-eos (16:48) Bráðskemmtilegur fjölskyldu-þáttur þar sem sýnd eru myndbrot sem venjulegar fjölskyldur hafa fest á filmu.
20.10 The Contender Muay Thai (1:15)
21.00 Battlestar Galactica (19:20) Framtíðarþáttaröð þar sem fylgst með klass-ískri baráttu góðs og ills.
21.50 Dr. Steve-O (7:7)
22.20 The Dudesons (7:8) Skemmtileg þáttaröð með fjórum finnskum ofurhugum sem framkvæma ótúlegustu hluti.
22.50 World Cup of Pool 2008 (13:31)
23.40 CSI: Miami (19:21) (e)
00.30 The Dead Zone (10:13) (e)
01.20 Home James (7:10) (e)
01.50 Online Nation (4:4)
02.20 Penn & Teller: Bullshit (41:59) (e)
02.50 Penn & Teller: Bullshit (42:59) (e)
03.20 Penn & Teller: Bullshit (43:59) (e)
03.50 Pepsi MAX tónlist

INN

20.00 Hrafnapung er í umsjón Ingva Hrafn Jónssonar
21.00 Reykjavík - Egilsstaðir - Reykjavík, seinni hluti Umsjón Ámi Ána-son og Snorri Bjarnvin Jónsson
21.30 Græðlingur í umsjón Guðríðar Helgadóttur
Dagskrá INN er endurtekin um helg-ar og allan sólarhringinn.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

SKÓLABÓKARDAMI UM SPARNAD!!!
SKIPTU BÖKUM Á MARKAÐI
LANG LANGFLESTIR TITLAR Á EINUM STAÐ!!!
ALLTAF ODÝRARI
GRIFFILL
SKEIFUNNI 11 s: 5331010 LAUGAVEGI 12b s: 8208392
OPÍÐ 10-20 ALLA DAGA

**Í KVÖLD**

**STÖÐ 2 KL. 21.20**

**Idiocracy**

Kolsvört og hrikalega fyndin gamanmynd frá höfundu Office Space með hárbeyttum ádeilubroddi. Myndin fjallar um náunga sem yfirvöld ráða í leyniverkefni og setja í djúpsvefn. En verkefnið skolast til í kerfinu, hann gleymist og vaknar ekki fyrr en eftir 500 ár – þegar mannkynið hefur endanlega tapað glórunni, allir eru nauðheimskir og okkar maður fer létt með að vera mesti vitringur sem uppi er. Með aðalhlutverk fer Luke Wilson.



**► VIÐ MÆLUM MED**

**Myrkraverk (Collateral) Sjónvarpið kl. 22.55**

Kvöld eitt tekur leigubílstjórinn Max Durocher upp í bíl sinn gráklæddan mann sem býður honum væna fúlgu fyrir að aka með sig á fimm staði.



Max tekur boðinu en áttar sig fljótlega á því að sá gráklæddi er leigumorðingi sem hefur verið ráðinn til að drepa fimm manneskjur þá um kvöldið.

Max neyðist til að aka með morðingjann um Englaborgina í fullkominni óvissu um hvort hann lifi til morguns.

Myndin hefur fengið fjölda viðurkenninga og var tilnefnd til tvennra Óskarsverðlauna.

**RÁS 1 FM 92,4/93,5**

- 06.38 Morgunfrúin
- 06.50 Bæn
- 07.03 Morgunfrúin - heldur áfram
- 07.30 Fréttayfirlit
- 08.11 Morgunfundur með KK
- 08.30 Fréttayfirlit
- 09.05 Óskastundin
- 09.45 Morgunleikfimi
- 10.13 Sagnaslóð
- 11.03 Samfélagið í nærmynd
- 12.02 Hádegisútlit
- 12.20 Hádegisfréttir
- 13.00 Vít og breitt
- 14.03 Borgarsögur
- 15.03 Útvarpssagan: Nafnabókin

- 15.25 Draumaprinsinn
- 16.00 Síðdegisfréttir
- 16.13 Jazzhátíð á Rás 1
- 17.03 Víðsjá
- 18.00 Kvöldfréttir
- 18.16 Spégillinn
- 19.00 Endurómur úr Evrópu
- 20.00 Leynifélagið
- 20.30 Óvissuferð - allir velkomnir
- 21.10 Húslestrar á Listahátíð 2009
- 22.12 Orð kvöldsins
- 22.15 Litla flugan
- 23.00 Kvöldgestir
- 00.00 Fréttir
- 00.07 Næturtonar

- |          |              |          |                |          |              |
|----------|--------------|----------|----------------|----------|--------------|
| FM 88,5  | XA-Radíó     | FM 90,9  | Gullbylgjan    | FM 93,5  | Rás 1        |
| FM 95,7  | FM957        | FM 96,3  | FM Suðurland   | FM 96,7  | Létt Bylgjan |
| FM 97,7  | X-ið         | FM 98,9  | Bylgjan        | FM 99,4  | Útvarp Saga  |
| FM 90,1  | Rás 2        | FM 102,2 | Útvarp Latibær | FM 102,9 | Lindin       |
| FM 105,5 | Útvarp Boðun |          |                |          |              |

**EXTRA**

16.45 Hollyoaks (259:260)

17.15 Hollyoaks (260:260)

17.40 The Sopranos (26:26) Stöð 2 og Stöð 2 Extra rifja upp þessa geysivinsælu þætti.

18.25 Big Day (12:13) Ný gamanþáttaröð sem fjallar á stórskemmtilegan hátt um hinar mörgu spaugilegar hlíðar á undirbúningnum fyrir brúðkaupsdaginn.

18.45 Hollyoaks (259:260)

19.15 Hollyoaks (260:260)

► 19.40 The Sopranos (26:26)

20.25 Big Day (12:13)

21.00 Fréttir Stöðvar 2

21.20 Ísland í dag

21.40 Peep Show (6:12) Sprenglæglegir gamanþættir um Mark og Jez, sérvingar á þrítugsaldri sem deila íbúð en eiga ekkert sameiginlegt nema það að líf þeirra einkennt af endalausum flækjum og óreiðu.

22.05 NCIS (2:19) Spennuþáttaröð sem er í röð þeirra allra vinsælustu í Bandaríkjunum og fjallar um sérveit lögreglumanna sem starfar í Washington og rannsakar glæpi tengda hertum eða hermönnum á einn eða annan hátt. Verkefnið eru orðin bæði flóknari og hættulegri í þessari fimmtu seríu.

22.50 Eleventh Hour (5:18)

Dr. Jacob Hood er eðlisfræðingur sem aðstoðar FBI við að rannsaka sakamál sem krefjast vísindalegrar úrlausnar eða þegar jafnvel er talið að þau séu af yfirmátturlegum toga. Það er jafnan allra síðasta úrræði að kalla Hood til enda er hann hrokagikkur og erfiður í samstarfi.

23.35 Fréttir Stöðvar 2

00.35 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

**BBC entertainment**

10.00 Only Fools and Horses 10.50 Only Fools and Horses 11.40 Absolutely Fabulous 12.10 My Hero 12.40 My Hero 13.10 Only Fools and Horses 14.00 The Weakest Link 14.45 My Hero 15.05 My Hero 15.35 Only Fools and Horses 16.25 Only Fools and Horses 17.15 Doctor Who 18.00 My Hero 18.30 Extras 19.00 Coupling 19.30 Blackadder the Third 20.00 The Jonathan Ross Show 20.50 Coupling 21.20 Blackadder the Third 21.50 Doctor Who 22.35 The Jonathan Ross Show 23.25 Coupling 23.55 Blackadder the Third

**DR 1**

10.10 Luksuscruise í havkajak 10.35 Aftenshowet 11.00 Aftenshowet 2. deil 11.30 Soren Ryge præsenterer 12.00 Det lille hus på prærien 12.50 Nyheder på tegnsprog 13.00 DR Update - nyheder og vejr 13.10 Boogie Mix 14.00 Boogie Listen 15.00 Kærlighedshistorier 15.20 Oggy og kakerlakkerne 15.30 Fredagsbio 15.40 Den lille prinsesse 15.50 Manda 16.00 Aftenshowet 16.30 TV Avisen med Sport og Vejret 17.00 Disney Sjøv 18.00 Talent 09 19.00 TV Avisen 19.30 Blondinens hævn 21.05 Fanget

**NKI**

11.00 Selma og Sophie 12.00 Jobben er din! 13.00 Ut i næturen 13.15 Salto, salmiakk og kaffe 15.00 VM friidrett 15.50 Oddasat - nyheter på samisk 15.55 Nyheter på tegnspråk 16.40 Distriktsnyheter 17.00 Dagsrevyen 17.30 Norge rundt 17.55 VM friidrett 19.50 Taggart 21.00 Kveldsnytt 21.15 Tudors 22.05 Eric Clapton - Crossroads Gitarfestival 23.05 20 spørsmål 23.30 Country jukebox m/chat

**SVT 1**

10.00 Rapport 10.05 Debatt 10.50 Med Lilu þá disco 13.00 Packat & klart sommar 13.30 Öringfiske jorden runt 14.00 Rapport 14.05 Gomorrón Sverige 14.55 Sá ság vi sommaren dá 15.00 Friidrott 16.00 Rapport 16.10 Regionala nyheter 16.15 Friidrott 17.30 Rapport 17.50 Regionala nyheter 18.00 Friidrott 20.00 Pistvakt 20.30 Sjukan 21.00 The Blues Brothers 23.10 Stressað, rádd og förbannað 23.40 Sändningar från SVT24

**50 HAGKAUP**  
úti fyrir lístinguna á 50 kr

**HEFST 27. SEPTEMBER Á STÖÐ 2**

# FANGAVAKTIN

JÖRUNDUR RAGNARSSON      PÉTUR JÓHANN      JÓN GNARR

**ÞÚ ÁTT ÓGLEYMANLEG HAUST- OG VETRARKVÖLD Í VÆNDUM**

**ÞAD ER ODYRARA AÐ SKEMMTA SÉR HEIMA**

**skemmtilegri**



„Ég er mikill morgunmatarmaður; fæ mér oftast gott granóla eða bara hafragraut. Stundum stelst maður líka í morgunkornid með börnunum, Cheerios eða kornflex.“

Eyþór Guðjónsson, framkvæmdastjóri Skemmtigarðsins.

## Auddi breytist í róna

„Þetta verður svona yfirbragðið á þáttunum núna, þeir verða þema tengdir. Sveppi og Auddi ætla að vera sjómenn, handrukkarar og núna eru þeir að prófa hvernig það er að vera róni í Reykjavík,“ segir Kristófer Dignus, framleiðandi sjónvarpsþáttanna með þeim Auðunni Blöndal og Sverri Þór Sverrisyni. Eðli málsins samkvæmt var ekki hægt að ná tali af þeim Audda og Sveppa þar sem þeir voru úti gangsmenn í gær og það þykir fremur sjaldgæf sjón að sjá þá tala við fjölmiðla í gsm-síma.

Kristófer upplýsir að þeir félagar ætli sér að blanda geði við aðra sem eru í svipaðri aðstöðu. „En þetta er líka félagsfræðileg könnun á því hvernig fólk bregst við.“

Þeir hafa verið að fara inn í kyrrstæða bíla og viðmótið sem þeir hafa fengið er almennur viðbjóður,“ segir Kristófer en tekur fram að auðvitað sé grínið aldrei langt undan. Sveppi og Auddi hyggjast ekki koma heim til sín yfir nóttina heldur sofa úti.

Og eins og myndirnar bera með sér var haft töluvert fyrir því að búa til gott gervi fyrir þá. „Stefán Jörgen, einn fremsti förðunarlistamaður þjóðarinnar, kom og hjálpaði okkur, þeir voru einhverja fjóra til fimm tíma í stólum hjá honum.“

- fgg

**GÓÐ GERVI** Auddi og Sveppi kynntust því af eigin raun hvernig það er að vera róni í Reykjavík. Gervin eru nokkuð góð.



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

## LÁRÉTT

2. feikn, 6. einnig, 8. þrá, 9. hamfletta, 11. á fæti, 12. komast yfir, 14. aldraði, 16. skóli, 17. löng, 18. í viðbót, 20. skammstöfun, 21. lítlau.

## LÓÐRÉTT

1. hróss, 3. kusk, 4. ástir, 5. hallandi, 7. skarpskygg, 10. árkvíslir, 13. smáskilaboð, 15. sjá eftir, 16. iðn, 19. bókstafur.

## LAUSN

LÓÐRÉTT: 1. lofs, 3. íð, 4. ástalið, 5. ská, 7. gögg, 10. ála, 13. sms, 15. iðra, 16. tag, 19. ká. LÁRÉTT: 2. glás, 6. og, 8. ósk, 9. há, 11. tá, 12. sölsa, 14. gamli, 16. fg, 17. síð, 18. auk, 20. fr, 21. grár.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8.

- 1 Tinna Gunnlaugsdóttir og Þórhildur Þorleifsdóttir.
- 2 Óttar Felix Hauksson.
- 3 Jóhannes Karl Guðjónsson.

**VÍSIR.IS**

„...ég sá það á vísi“

ELÍSABET AGNARSDÓTTIR: TOLLYWOOD NÆST Á DAGSKRÁ

## Indverskir kvikmyndagerðarmenn flykkjast til Íslands

„Þetta fólk er miklar stjörnur í sínu heimalandi. En er algjörlega laust við stjörnustæla,“ segir Elísabet Agnarsdóttir hjá Jökulum ehf. en hún hefur vart undan að taka við fyrirspurnum frá indverskum kvikmyndagerðarmönnum sem vilja ólmir koma til landsins og taka upp efni fyrir kvikmyndir sínar. Á landinu er nú staddur nokkuð stór hópur frá Tollywood til að taka tónlistarmyndbönd fyrir kvikmyndina Namu Venkatesa í leikstjórn Srinus Vytla. Sem sagt hvorki Bollywood sem er hvað frægast - né Kollywood en tókulið frá því héraði var stíll hér á landi fyrir skemmstu eins og Fréttablaðið greindi frá.

Tollywood er gælunafn yfir kvikmyndir frá Andhra Pradesh-héraðinu á Indlandi. Þar er töluð sérstök mállýska sem heitir Telegu og Tollywood dregur nafn sitt af. Tollywood á nokkur heimsmet í heimsmetabók Guinness, þar eru meðal annars framleiddar flestar kvikmyndir í heiminum á ári hverju og þar býr einnig sá leikari sem hefur leikið í flestum kvikmyndum í öllum heiminum eða alls 750. Þar er einnig stærsta kvikmyndaver í heimi og í Andhra Pradesh eru flest kvikmyndahús á Indlandi ef marka má wikipediu.

Og hér á landi eru sem sagt tvær af skærustu stjörnum Tollywood; Venkatesh Daggubati, sem er margverðlaunadur leikari og nýtur mikillar hylli í Tollywood-kvikmyndageiranum, og svo Trisha Krishnan, einhver helsta þökkadís þessarar kvikmyndagerðar en móðir hennar er með í för og passar upp á að allt sé örugglega með felldu. Hópurinn frá Tollywood, sem er um tuttugu manns, hefur verið hér í heila viku og tekið upp efni fyrir tvö myndbönd við Skógafoos, Seljalandsfoos, Reynisdranga og Jökulsárlón, svo

### STÓRSTJÖRNUR FRÁ TOLLYWOOD

Trisha Krishnan er einhver vinsælasta leikkona Tollywood og hún er hér á landi að taka upp tónlistarmyndband fyrir nýjstu kvikmynd sína. Grétar Örvarsson er að sjálfsögðu leiðangursstjóri Indverjanna en þeir virðast vera áhugasamir um að koma hingað til Íslands og taka upp efni fyrir kvikmyndir sínar.



fátt eitt sé nefnt. Þau hafa reyndar verið á ferðalagi um alla Evrópu síðustu tuttugu daga til að taka upp borgarsenur fyrir myndina en Ísland leikur síðan aðalhlutverkið í tónlistarmyndböndunum.

Elísabet segir að vinnulagið sé ekkert öðruvísi en það sem viðhaft var þegar Kollywood-liðið var hér á landi. Unnið sé frá morgni til kvölds. Reyndar gekk ekki allt

eins og í sögu því tollurinn hleypti ekki öllum töskum Tollywood-fólksins í gegn og því varð uppi fótur og fit þegar einn kjöllinn varð eftir í Keflavík. Spurð hvort svona sparsamir kvikmyndagerðarmenn, sem setja það ekki fyrir sig að deila herbergjum, skili einhverjum gjaldeyri til landsins segir Elísabet svo vera. „Þetta eru einhverjir peningar.“

freygigja@frettabladid.is

### FRÉTTIR AF FÓLKI

Sjónvarpsstjórnurnar Jóhannes Ásbjörnsson og Sigmar Vilhjálmsson virðast vera að íhuga að skipta um starfsvettvang. Þeir félagar hafa stofnað saman fyrirtæki sem kallast Hamborgarafabrikkan og í fyrirtækjaskrá kemur fram að tilgangur félagsins sé rekstur veitingastaða, smá-vöruverslun, framleiðsla matvæla, rekstur fasteigna, lánastarfsemi og önnur tengd þjónusta. Þegar Fréttablaðið ræddi við Jóhannes í gær vildi hann ekki kannast við að þeir félagar ætli sér að opna hamborgarastað, sagði einfaldlega að fyrirtækið væri stofnað utan um ýmis sameiginleg verkefni þeirra félaga.

Hugleikur Dagsson var að senda frá sér nýja bók um ævintýri einyggða kattarins Kísa. Sú kallast Flóttinn frá Reykjavík og svikur ekki aðdáendur Kísa. Hugleikur fagnar útgáfunni með stæl, hann hefur boðið vinum sínum til veislu í kvöld og þar eiga allir að bera lepp fyrir auga - rétt eins og aðal-sögupersónan.

Ísland í dag hefur verið talsvert á milli tannanna á fólki síðan skipt var um áhöfn í brúnni á síðasta ári og áherslur breytt. Þau Sigrún Ósk Kristjánsdóttir og Sindri Sindrason máttu þola glósur í netheiminum fyrir að efnistösk þáttarinn væru of léttuðug og þar fram eftir götum. Árangurinn hefur hins vegar ekki látið á sér standa, á fyrstu sex mánuðum ársins var áhorf nærri því 50 prósentum meira en á sama tímabili í fyrra. Þátturinn hefur meira að segja á stundum farið yfir Kastljósið í áhorfi, þrátt fyrir að efnistöskín séu ekki nógu fin fyrir alla.

- fgg, hdm

## ELM sýnir á tískuviku í París

Hönnunarfyrirtækið ELM Design frumsýnir vor- og sumarlínu fyrir árið 2010 á tískuviku í París og New York í næsta mánuði. Fyrirtækið hefur verið starfrækt í tíu ár og selur hönnun sína í um níutíu verslunum víðs vegar um Bandaríkin og yfir fimmtíu verslunum í Evrópu, þar á meðal í Selfridges, Browns og Liberties í London.

„Þetta er lína sem við vorum að ljúka við fyrir stuttu. Í vetur vorum við mikið með græna tóna í hönnun okkar og við höfum unnið vor- og sumarlínuna svolítið út frá þessu og haldið okkur við græna og út í gula tóna,“ segir Erna Steina Guðmundsdóttir, einn eigenda ELM Design.

Aðspurð segir Erna það ekki vera erfitt verk að hanna flíkur ár fram í tímann, heldur sé það orðið að vana eftir öll þessi ár. „Þetta var snúin í fyrstu en nú erum við orðnar vanar að vinna svona langt fram í tímann. Kosturinn er að við erum alltaf í



**KVEÐJUTEITI** Erna Steina segir sýninguna vera kveðjuteiti áður en línan verður send á sölusýningar víðs vegar í Evrópu. Hér er Erna Steina ásamt Lísbetu Sveinsdóttur.

MYND/TEIUR JÓNASSON

réttri árstíð, við hönnuðum sumarlínuna fyrir næsta ár núna í sumar og í haust förum við af stað með að

hanna vetrarlínuna fyrir árið 2010 þannig það er auðvelt að finna innblástur.“

- sm



Gnoðarvogi 44,  
s. 588 8686.

**MENNINGARVEISLA**

HAFBERGS • LÚÐUSNEIÐAR • LÚÐUFLÖK

SKÖTUSELUR aðeins **1990**

**HUMAR 20% AFSLÁTTUR**

opið mán-fös 10-18:15 og lau 11-14:00

LAUGAR  
MOSFELLSBÆR  
SELTJARNARNES  
SPÖNGIN



DANSSTUDIO WORLD CLASS

HAUSTÖNN HEFST 7. SEPT. SKRÁNING Í S: 5530000



DANS FYRIR **ALLA** ALDURSHÓPA!!!

**DÚ LÆRIR ALLT Á EINUM STAÐ!**

- HIP HOP
- FUNK JAZZ
- CONTEMPORARY
- LYRICAL
- STREET JAZZ
- BROADWAY
- BARNADANSAR
- POP
- JAZZ



KENningar ERU PAULREYNDIR  
OG NÝKOMNIR FRÁ L.A.  
MEÐ NÝJUSTU  
SPORIN  
VIÐ HEITUSTU  
LÖGIN!!!



NÝTT!!! MICHAEL JACKSON  
DANSTÍMAR FYRIR ALLA ALDURSHÓPA

**KOMDU  
OG VERTU MEÐ!**



# FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMÉR FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 RÍTSSTJÓRN: 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja  
Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is DREIFING: dreifing@posthusid.is Vefvang: visir.is EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000

72%

35%

Hvar er þín auglýsing?

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18 - 49 ára.  
Könnun Capacent í maí 2009 - júlí 2009.



**BAKPANKAR**  
Bergsteins  
Sigurðssonar

## Að finna fjölinna sína

Í okkar sérfræðingavæddu veröld höfum við komið ár okkar svo fyrir borð að einföldustu verk eiga til að vaxa okkur í augum - hvað þá hin flóknari. Þessi þróun leiddi af sér þann hugsunarhátt að líta á margt í okkar nánasta umhverfi fyrst og fremst sem eitthvað til að laga, til dæmis heimilið og ruddi brautina fyrir ótal lífsstílsþætti sem kynntu okkur sniðugar „lausnir“. Heimilið var með öðrum orðum skilgreint sem klasi mismunandi stórra vandamála, velflest þess eðlis að þau yrðu ekki leyst án aðstoðar sérmenntaðra manna.

Í HVERRI fjölskyldu má finna að minnsta kosti eina laghenta manneskju sem getur dyttað að öllum fjáranum; tengt þvottavélina, fest upp ljóskastara eða skipt um olíu á bílnum. Hæfileikar af þessu tagi eru líklegir til að gulltryggja manni vinsældir innan fjölskyldunnar - að ekki sé minnst á tengdafjölskylduna. Það er óbrigðul regla að þegar valið stendur á milli tveggja eða fleiri tengdasona nýtur sá laghentasti ótvírætt mestrar hylli.

ÉG er það sem kalla má liðónýtur handverksmaður. Orðinn þrítugur eru þau teljandi á fingrum annarrar handar árin frá því ég gat fyrst spennt startkapla á rafgeymi einn míns liðs. Fyrir vikið hef ég forðast eins og heitan eldinn öll verk efni sem fyrirfram virðast krefjast handlagningu. Ef þvottavélin bilar geri ég eins og mér hefur hingað til verið eðlislægt: hringi í mann.

TENGDAFÓLK mitt hefur þrátt fyrir þessa vankanta mína sýnt mér vinsemd og hlýju. Mér hraus hins vegar hugur við því þegar tengdamóðir mín bað mig - eflaust í gustukaskyni til að láta mér finnast ég standa jafnfætis hinum handlögnum svílum mínum - að aðstoða við að parkettleggja nýja íbúð endanna á milli. Parkettlagning. Móðir allra yfirhalninga. Slík dvergasmíð er eflaust aðeins á færi snjöllustu vöndu hugsaði ég með mér.

ÉG sló til með semingi. Eflaust hægt að nýta mig í að rífa upp umbúðir, sópa sag af svölunum og þar fram eftir götunum. Næstu þrjú daga reyndi ég hins vegar að það er á færi klunnalegustu álapa að leggja fjalir á gólf. Slík reynsla er á við hundrað sjálfsstyrkingarnámskeið og kollvarpar jafn mörgum hugmyndum sem maður hefur um sjálfan sig og eigin getu. Ég stóð keikur upp. Nú eru mér allir óspónlagðir vegir færir. Og tengdó á óaðfinnanlegt parkettgólf. Það er bara mismunandi flatt.



## HUNDARÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

-félag allra hundaeigenda - stofnað 1969-

STÆRSTI VIÐBURÐUR HUNDARÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS  
TVÆR AÐSKILDAR SÝNINGAR LAUGARDAG OG SUNNUDAG Í TÍLEFNI AF 40 ÁRA AFMÆLI FÉLAGSINS

### Afmælissýning Hundaræktarfélags Íslands Tvær sýningar 22. & 23. ágúst í reiðhöllinni Víðidal, Reykjavík

UM 700 HUNDAR AF MEIRA EN 80 TEGUNDUM VERÐA SÝNDIR SITT HVORN DAGLUNNAUK 32 UNGRA SÝNENDA.

Dómarar sýningar eru frá Norðurlöndum og Bretlandi  
Sýningin stendur frá kl. 9-18 laugardag og sunnudag

#### Meðal viðburða:

- 686 hundar af 81 hundategund verða sýndir á laugardag • 673 hundar af 79 hundategund verða sýndir á sunnudag •
  - Hvolpar setja skemmtilegan svip á sýninguna • Virðulegir öldungar láta ljós sitt skina • Fallegustu hundar sýningar valdir •
  - Keppni ungra sýnenda fer fram föstudaginn 21. ágúst kl. 17:00 • Sölu- og kynningarbásar - ýmis sértílböð • Veitingasala •
- Afmælishátíð 27. ágúst kl. 17:00 í reiðhöllinni í Víðidal

Sjá dagskrá sýningar á [www.hrfi.is](http://www.hrfi.is)

Aðgangseyrir er 500 kr. fyrir fullorðna.

Börn yngri en 12 ára í fylgd með fullorðnum fá frítt inn, annars 300 kr.



## GÓÐAN DAG!

Í dag er föstudagurinn 21. ágúst  
2009, 231. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík	5.37	13.41	21.22
Akureyri	5.13	13.16	21.15

Heimild: Almanak Háskólans

Ertu með ábendingu er varðar dreifingu Fréttablaðsins?  
Við tökum vel á móti öllum ábendingum.

FRÉTTABLAÐIÐ

[www.visir.is/posthusid](http://www.visir.is/posthusid) - sími 585 8330

